

Aðalfundur Breiðabliks



2022

AÐALFUNDUR BREIÐABLIKS 2022

Efnisyfirlit ársskýrslu

DAGSKRÁ.....	4
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR.....	5
LÖG BREIÐABLIKS	8
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVEITINGAR.....	12
REGLUGERÐ UM VEITINGU BÍKARA Á AÐALFUNDI BREIÐABLIKS	13
HEIÐURSVEITINGAR.....	14
SKÝRSLA ÍÞRÓTTASKÓLA 2021-2022.....	26
ELDRI BORGARA LEIKFIMIN 2021-2022.....	27
SKÝRSLA GETRAUNANEFNDAR 2021-2022.....	28
ÁRITUN STJÓRNAR.....	30
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	31
SKÝRINGAR.....	40
ÁRSSKÝRSLA FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR BREIÐABLIKS	49
ÁRSSKÝRSLA HJÓLREIÐADEILDAR BREIÐABLIKS.....	58
ÁRSSKÝRSLA KARATEDEILDAR BREIÐABLIKS	60
ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR BREIÐABLIKS	65
ÁRSSKÝRSLA KRAFTLYFTINGADEILDAR BREIÐABLIKS	68
ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR BREIÐABLIKS.....	72
ÁRSSKÝRSLA RAFÍÞRÓTTADEILDAR BREIÐABLIKS	76
ÁRSSKÝRSLA SKÁKDEILDAR BREIÐABLIKS	78
ÁRSSKÝRSLA SKÍÐADEILDAR BREIÐABLIKS.....	81
ÁRSSKÝRSLA SUNDDEILDAR BREIÐABLIKS	83
ÁRSSKÝRSLA TAEKWONDODEILDAR BREIÐABLIKS	87
ÁRSSKÝRSLA ÞRÍÞRAUTARDEILDAR BREIÐABLIKS	88

Dagskrá

Aðalfundur Breiðabliks 2022

haldinn í veitingasal Smárans fimmtudaginn 11. maí 2022 kl. 17:00

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 2021 sem haldinn var í Smáranum 6. maí kl. 17.00

Efni	Aðalfundur Breiðabliks 2022
Staður	Smárinn
Tími	6. maí 2021 kl. 17:00
Fundarstjóri	Valdimar Friðriksson
Ritari	Þórólfur Heiðar Þorsteinsson

Dagskrá:

Kosning fundarstjóra og ritara

Sveinn Gíslason, formaður aðalstjórnar, setti fundinn og lagði til að Valdimar Friðriksson yrði kosinn fundarstjóra, sem var samþykkt. Valdimar lagði til að ritari yrði Þórólfur Heiðar Þorsteinsson sem var samþykkt. Sömuleiðis lagði hann til að ekki yrði skipuð kjörbréfanefnd, þar sem ekki lægi fyrir nein tillaga fyrir fundinum sem samþykkja þyrfti með lögmætum ferlum, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og lýsti boðun til hans lögmæta. Að því búnu bauð hann formann aðalstjórnar velkominn í pontu til að leggja fram skýrslu aðalstjórnar.

Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar

Sveinn fór yfir skýrslu aðalstjórnar. Hann þakkaði í lokin Guðmundi Sigurbergssyni, sem hvarf úr stjórn eftir 20 ára setu, fyrir vel unnin störf og samstarf og afhenti honum blómvönd í þakklætisskyni.

Valdimar þakkaði Sveini fyrir og sömuleiðis Guðmundi.

Endurskoðaður reikningur lagður fram til samþykktar

Næst á dagskrá var endurskoðaður reikningur lagður fram til samþykktar

og Hrafnhildur Gísladóttir, fjármálastjóri félagsins, fór yfir reikninginn. Engar athugasemdir voru gerðar né spurningar.

Ársreikningur var lagður fram til samþykktar og samþykktur einróma.

Kosning um lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir á fundinum.

Kosning formanns

Fundarstjóri tilkynnti að það væri einungis einn í framboði sem væri Sveinn Gíslason. Væri hann því sjálfkjörinn sem var staðfest með lófataki fundarmanna.

Kosning stjórnarmanna

Gengið var svo til kosninga stjórnarmanna.

Ásgeir Baldursson, Þórólfur Heiðar Þorsteinsson og Rakel Ásgeirsdóttir voru ein í kjöri og töldust því sjálfkjörin.

Aðalheiður María Vigfúsdóttir, Björgvin Gestsson og Halla Garðarsdóttir voru kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi og sitja því áfram í stjórn.

Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði tillögu um að Endurskoðun VSK, nánar tiltekið Jón Þ. Hilmarsson og Svavar G. Stefánsson, yrðu endurskoðendur félagsins sem var samþykkt með lófataki.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri gerði tillögu um að Sigurjón Valdimarsson og Jóhann Geir

Harðarsson yrðu skoðunarmenn sem var samþykkt með lófataki.

Afhending félagsmálalabikars

Félagsmálalabikarsins hlaut Heiðar B. Heiðarsson (Blikar TV) fyrir ötult starf í þágu félagsins.

Heiðursveitingar

Eysteinn Pétur Lárusson og Sveinn komu í pontu og veittu heiðursveitingar sem voru eftirfarandi:

HEIÐURSVEITINGAR

Heiðursblik

Steini Þorvaldsson

Gullblik

Einar Pétursson
Viktoría Pétursdóttir

Silfurblik

Geirlaug Geirlausdóttir
Gísli Ágústsson
Jónas Pétur Ólason
Kristján Sigurgeirsson
Laufey Stefánsdóttir
Smári Guðmundsson
Margrét Ágústsdóttir

Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundarstjóri óskaði öllum innilega til hamingju með viðurkenningarnar. Í kjölfarið bauð hann velkominn Viðar Halldórsson, sem flutti erindi varðandi verkefni innan félagsins sem nefnist Kyndillinn. Um er að ræða leiðarvísi knattspyrnudeildarinnar sem aðalstjórn hefur óskað eftir að aðrar deildir gætu nýtt. Fór Viðar vel og ítarlega yfir efnið. Valdimar þakkaði Viðari fyrir erindið.

Fundarstjóri bauð síðan fundargestum upp á að koma spurningar eða athugasemdir undir liðnum umræður um málefni félagsins og önnur mál.

Atli Björn Þorbjörnsson frá stjórn körfuknattleiksdeildarinnar óskaði eftir að taka til máls. Hann byrjaði á því að nefna það að deildin sé orðin ein sú stærsta á landinu sem telur í kringum 400 iðkendur. Hann nefndi að deildin væri orðin of stór fyrir Smárann og þyrfti að fá meira pláss, þá sérstaklega í efri byggðum Kópavogs. En spurningin sem hann setti fram er af hverju er Breiðablik ekki stórveldi í körfubolta? Hann bendir á að ráðinn hafi verið þjálfari með mikla reynsla og yngri flokkar að berjast að jafnaði um titla. Hann sagði að stjórn væri metnaðarfull og aðalstjórn hafi aðstoðað mikið ásamt starfsfólki þess, en fjárhagur hafi oft brösugur. Hann segir hins vegar að Kópavogsbær hafi tilkynnt deildinni um það að deildin missi Smárann nánast allan september mánuð, sem hann gerir verulegar athugasemdir við, þar sem um er ræða viðkvæmasta mánuðurinn fyrir störf deildarinnar. Og hann spyr, hvar á starfið að fara fram á þessum tíma? Ef ekkert er að gert þá er hætta að deildin missi iðkendur, tekjur, leikmenn osv.fr. Deildin má ekki sitja uppi með þennan Svarta Pétur, nóg er að hafa Eysteinn Pétur. Hann vísar sérstaklega til þess að bærinn hafi þennan samningsbundna rétt, en bendir á að samningsaðilar beri líka tillitsskyldu gagnvart hvorum öðrum. Hann biður um að yngri flokka starfinu verði hlíft og fundin verði út úr aðstöðu fyrir meistarflokka. Hann biðlar til skynsemis aðila og finna lausnir, svo að bænum sé sómi að.

Valdimar þakkaði Atla fyrir ræðuna. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, óskaði eftir að taka til máls. Hann óskaði öllum kjörnum einstaklingum til hamingju og viðurkenningarhöfum. Hann sagði að félagið sé í grunninn sjálfbæðastarfar sem sé ómetanlegt en starfsmenn séu ómetanlegir einnig. Bæjarstjórinn vísar til að frá árinu 1999 hafi fjárhagur allra íþróttafélaga innan bæjarins verið til fyrirmyndar. Þá

vísar hann til verkefnisins Kyndilsins og finnst það afar áhugavert sem gæti gert gott starf enn betra. Varðandi spurningar körfudeildarinnar þá vissi hann nú ekki af þessu og fannst þetta ekki ætti ekki að vera svona mikið varðandi kosningarnar. Sjávarútvegssýningin er síðan tekjuöflun fyrir félagið sem félagið þarf væntanlega á að halda. Hann segir að þetta sé mál sem sé fremur á borði aðalstjórnar en hann geti talað við sína starfsmenn. Jafnframt ræddi hann að sett verði bráðlega stúka í Smáranum. Þá segir að hann að það séu allar aðstæður svo að körfuknattleiksdeildin geti verið stór og öflug deild. Valdimar þakkaði Ármanni fyrir. Guðmundur Sigurbergsson óskaði eftir

að taka til máls. Guðmundur byrjaði á því að segja að hann hafi verið hérna lengi og fengið að fylgjast með félaginu. Hann segist að hafa verið lítið hjól í stórri vél og vonar að hann hafi gert eitthvað gagn. Hann þakkaði fyrir samstarfið og samfylgdina og óskaði öllum velfarnaðar.

Valdimar þakkaði Guðmundi fyrir og bauð Sveini að slíta fundi.

Sveinn sagðist stoltur af félaginu. Þakkaði hann Valdimari sérstaklega fyrir samstarf og samfylgd í gegnum UMSK og færði honum blóm. Að því sögðu þakkaði Sveinn fundargestum og sleit fundi.

Lög Breiðabliks

Nafn

1. grein

Félagið heitir Breiðablik og er ungmennafélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið

2. grein *****

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstunda-starfsemi. Jafnframt að efla samstöðu og samkennd bæjarbúa með þátttöku í starfi félagsins.

Félagar

3. grein

Félagi telst hver sá sem þess óskar eða tekur þátt í starfi félagsins. Skal félagi skráður í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu. Aðalstjórn heldur skrá yfir féлага með aðstoð deilda. Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum.

Merki og búningur

4. grein

Merki félagsins er hvítur kyndill með rauðum loga á grænum grunni. Fyrir neðan miðju kyndilsins er letrað BREIÐABLIK. Aðallitur keppnis- og æfingabúninga félagsins er grænn.

Skipulag

Aðalfundur félagsins

5. grein *****

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess. Hann skal haldinn eigi síðar en 15. Maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu í dagblöðum og á heimasíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í aðalstjórn að undanskildum stjórnarmönnum deilda félagsins og starfsmönnum félagsins. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi og skal hún skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kosinn beinni kosningu á hverjum aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að þrír stjórnarmenn eru kosnir á hverju ári.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til Kópavogsbæjar vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hvernar deildar viku fyrir aðalfund.

Stjórn hvernar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

Formaður aðalstjórnar setur aðalfund. Skall hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti

Félagsfundur

6. grein** *****

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman félagsfund, þegar þörf krefur. Skyllt er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deilda félagsins krefjast þess skriflega, enda sé tilkynnt um fundarefni sem þær óska að sett verði á dagskrá.

Boða skal til félagsfundar með sama hætti og aðalfundur. Félagsfundur og dagskrárefni skulu vera í samræmi við reglur 5. greinar þessara laga, eins og kostur er. Félagsfundur hefur sama vald og aðalfundur.

Aðalstjórn

7. grein *****

Aðalstjórn framkvæmir stefnu aðalfundar, stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda, vinnur að alhliða eflingu þess og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna. Aðalstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbindur félagið gagnvart þriðja aðila.

Aðalstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skipta með sér verkefnum. Stjórn skal að lágmarki kjósa um varaformann og ritara stjórnar. Aðalstjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar er viðstaddur fund. Einfaldur meirihluti ákvörðunar-bærrar stjórnar ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur.

Úrdrátt úr fundargerðum aðalstjórnar skulu gerðar opinberar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundar-gerð hefur verið samþykkt.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum sameiginlegum eigum félagsins og umsjón með rekstri þeirra og varðveislu.

Að minnsta kosti 2/3 hluta allra stjórnarmanna þarf til að:

- Veðsetja eignir félagsins
- Selja varanlega rekstrarfjármuni
- Kaupa fasteignir

Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir daglegum rekstri félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu. Framkvæmdarstjóri er prókúruhafi félagsins og hefur vald til að annast allt það sem snertir starfsemi félagsins. Meiriháttar ráðstafanir skal hann þó alltaf bera undir aðalstjórn til synjunar eða samþykktar í samræmi við starfsreglur stjórnar á hverjum tíma.

Aðalstjórn hefur heimild til að skipa starfsnefndir um framkvæmd tiltekinna

verkefna. Slíkar starfsnefndir skulu skipaðar að lágmarki einum stjórnarmanni og allar meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir skulu bornir fyrir aðalstjórn til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn er heimilt að veita heimild til stofnunar nýrrar deildar tímabundið en skal leggja slíka ákvörðun um stofnun fyrir næsta aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn samræmir starf og stýrir sameiginlegum málum deilda, skipuleggur sameiginlega þjónustu innan félagsins og annast upplýsingamiðlun. Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna sem gerðar skulu opinberar á heimasíðu félagsins. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á hvers konar fjárskuldbindingar deilda skuli leggja til samþykktar hjá aðalstjórn. Einnig hefur aðalstjórn eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins.

Aðalstjórn skal tryggja að gerð séu ársfjórðungsleguppgjör aðalstjórnar og allra deilda. Gerð ársreikninga aðalstjórnar og deilda skal lokið með nægilegum fyrirvara fyrir aðalfund hverrar einingar. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og deilda skulu liggja fyrir í upphafi starfsárs deilda og þær yfirfarnar og samþykktar af aðalstjórn.

Skrifstofa félagsins sér um færslu bókhalds, launaútreiknings og greiðslu launa fyrir allar deildir félagsins. Deildir skulu gera samning við aðalstjórn um þá þjónustu sem skrifstofa félagsins veitir. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan tilsjónarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar ef tilefni er til og kemur með tillögum til úrbóta ef þörf krefur. Hann getur lagt til að aðalstjórn yfirtaki stjórn deildar, ef tillögum til úrbóta er ekki sinnt að veittum ákveðnum fresti. Ef til þess kemur þá skal aðalstjórn tilkynna slíkt skriflega til deildarstjórnar og um leið tekur aðalstjórn að fullu yfir vald

deildarstjórnar. Að minnsta kosti 2/3 hluti aðalstjórnar skal vera samþykkur yfirtöku stjórnar deildar.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt.

Aðalstjórn ber að halda að minnsta kosti tvo fundi á ári sameiginlega með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Aðalfundur deildar

8. grein* * ******

Aðalfundur deildar skal móta meginstefnu um starfsemi hennar. Aðalfund deildar skal halda ár hvert eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember eftir eðli starfseminnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagar viðkomandi deildar. Atkvæðisrétt hafa allir félagar 18 ára og eldri. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í deildarstjórn. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, með samþykki aðalstjórnar, takist ekki að manna laus stjórnarsæti.

Formaður deildar setur aðalfund. Skál hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns
5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildar og önnur mál

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Vanræki deild að halda aðalfund skal aðalstjórn boða til fundarins og annast framkvæmd hans. Hætti formaður störfum skal stjórn kjósa nýjan formann fram að næsta aðalfundi deildarinnar. Ef meirihluti stjórnar hættir störfum eða stjórn verður óstarfhæf af einhverjum ástæðum er heimilt að kalla til deildarfundar í því skyni að kjósa nýja stjórn. Skal boðun og framkvæmd fundar fara eftir sömu reglum og vegna aðalfundar deildar.

Deildarstjórn

9. gr.*****

Á milli aðalfunda sér deildarstjórn um starfsemi deildar. Í því felst m.a. að skipuleggja starf deildarinnar, skipa starfsnefndir hennar og hafa umsjón með framkvæmd starfsins. Deildum er heimilt að innheimta af félögum sínum æfingagjöld sem deildarstjórn ákveður.

Deildarstjórn skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund deildar.

Deildarstjórn ber ábyrgð á útgjöldum, tekjuöflun og fjárreiðum deildar og að fylgt sé opinberum reglum og fyrirmælum aðalstjórnar um bókhald, endurskoðun, reikningsskil og meðferð fjármuna.

Slit félagsins

10. grein*****

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar. Sé deild lögð niður ganga eigur hennar til aðalstjórnar.

Gildistaka

11. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla eldri lög úr gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1997
** Samþykkt á aðalfundi 2003*
***Samþykkt á aðalfundi 2004*
**** Samþykkt á aðalfundi 2008*
***** Samþykkt á aðalfundi 2013*
****** Samþykkt á aðalfundi 2015*
****** Samþykkt á aðalfundi 2017*
****** Samþykkt á aðalfundi 2018*
****** Samþykkt á aðalfundi 2019*

Reglugerð um heiðursveitingar

Reglur um heiðursveitingar voru samþykktar á aðalfundi Breiðabliks 1990 fyrir eftirfarandi flokka: Heiðursblik, Gullblik og Silfurblik.

Tilgangurinn með heiðursveitingum er að verðlauna þá einstaklinga sem um árábil hafa stuðlað að vexti og viðgangi félagsins eða deilda þess með sjálfböðastörfum, Einnig er heimilt að veita viðurkenningar þeim sem reynst hafa félaginu vel, með einum eða öðrum hætti.

Aðalstjórn skal skipa á aðalfundi 5 manna heiðursveitinganefnd sem fer yfir þær tilnefningar sem berast, tekur afstöðu til þeirra og gerir tillögur til aðalstjórnar. Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður nefndarinnar.

Tilnefningar skulu berast frá deildum félagsins eða félagsmönnum þess. Þá getur heiðursveitinganefnd að eigin frumkvæði lagt til viðurkenningar.

Skrifstofa félagsins skal óska eftir tilnefningum frá deildum eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund eða aðra viðburði á vegum félagsins s.s., afmælishátíð.

Heimilt er að veita viðurkenningar á stórafmæli (50 ára eða eldri) félags- eða velgjörðamanns.

Allar tilnefningar skulu vera í samræmi við lög og reglur félagsins um silfur-, gull og heiðursblik.

Tillögur heiðursveitinganefndar skulu lagðar fyrir Aðalstjórn. Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfund, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursblika verður að vera samhljóða

Listi yfir þá einstaklinga sem hlotið hafa viðurkenningar skal verða aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Bronsblíki*

Aðalfundur Breiðabliks haldinn 28. maí 1998, samþykkir að deildum félagsins verði heimilað að afhenda traustum félögum, sem starfað hafa í a.m.k. fjögur ár að málefnum félagsins, starfsmerki Breiðabliks, sem verði úr bronsi.

Silfurblik

Silfurblikann má veita einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eða einstakra deilda þess

Gullblik

Gullblikann má veita einstaklingum sem hafa um langt skeið unnið mikið og framúrskarandi starf fyrir félagið eða einstaka deildir þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur er til Gullblika hafa áður hlotið viðurkenningu Silfurblika.

Einnig er heimilt að veita einstaklingum Gullbilka sem stutt hafa myndarlega við bak félagsins og/eða einstakra deilda þess um langt árábil.

Heiðursblik

Heiðursblika, heiðursfélaga, má undir sérstökum kringumstæðum kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri, sem hafa unnið eftirtektarvert og framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma. Heiðursblik er fyrst og fremst viðurkenning fyrir félags- og sjálfböðaliðsstörf í þágu félagsins og eða deilda þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur til Heiðursblika hafa áður hlotið viðurkenningu Gullblika

Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðkenningar þessar.

Framkvæmdastjórn félagsins skipar fimm manna nefnd til heiðursveitinga skv. reglugerð þessari. Nefndin velur sér formann.**

Samþykkt á aðalfundi 1990

**Samþykkt á aðalfundi 1998*

***Samþykkt á aðalfundi 2016*

Reglugerð um veitingu bikara á aðalfundi Breiðabliks

Aðalstjórn Breiðabliks getur á aðalfundi félagsins og/eða á Íþróttahátíð Breiðabliks veitt bikara til viðurkenningar á starfi innan deilda félagsins á síðasta starfsári. Bikararnir sem um ræðir eru farandbikarar og veittir til eins árs í senn.

Veita má eftirfarandi viðurkenningar á aðalfundi félagsins:

Deildarbikar

Er veittur einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Þjálfarabikar

Er veittur þjálfara hjá einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til árangurs, hvort heldur um er að ræða hóp- eða einstaklingsíþróttagrein. Þá skal einnig litið til áhuga, menntunar og metnaðar (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afreksblikki - karlar

Veittur þeim karli sem náð hefur bestum árangri karla innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afreksblikki - konur

Veittur þeirri konu sem náð hefur bestum árangri kvenna innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afrekshópur Breiðabliks

Veittur því liði eða keppnishóp sem náð hefur bestum árangri hóps eða liðs innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Félagsmálabikar

Er veittur þeim einstaklingi sem sýnt hefur framúrskarandi dugnað og áhuga í starfi innan félagsins. Ákvörðun um veitingu félagsmálabikars taka síðustu þrír handhafar bikarsins hverju sinni (Aðalfundur Breiðabliks).

Samþykkt á aðalfundi 2016

Heiðursveitingar

Heiðursblikar			Gullblikar		
Nr.	Nafn	Ár	Nr.	Nafn	Ár
1	Baldur Kristjánsson	1980	1	Grétar Kristjánsson	1990
2	Gestur Guðmundsson	1980	2	Jón Ingi Ragnarsson	1990
3	Grímur Nordahl	1980	3	Steinar Lúðviksson	1990
4	Guðmundur Guðmundsson	1980	4	Þorgerður Aðalsteinsóttir	1990
5	Valdimar Kr. Valdimarsson	1990	5	Jóhann Baldurs	1991
6	Guðmundur Óskarsson	1990	6	Sigurður Grétar Guðmundss.	1993
7	Hulda Pétursdóttir	1990	7	Þórður St. Guðmundsson	1995
8	Konráð Kristinsson	1995	8	Logi Kristjánsson	1996
9	Guðmundur Oddsson	2000	9	Ólína Sveinsdóttir	1997
10	Sigurður Geirdal	2000	10	Birna Guðmundsdóttir	2000
11	Steinar Lúðviksson	2000	11	Einar Vilhjálmsson	2000
12	Þórður St. Guðmundsson	2000	12	Ester Jónsdóttir	2000
13	Gunnar I Birgisson	2001	13	Sóley Stefánsdóttir	2000
14	Logi Kristjánsson	2001	14	Kristinn Jóhannesson	2001
15	Jón Ingi Ragnarsson	2003	15	Sverrir D. Hauksson	2001
16	Guðmundur Þórðarson	2005	16	Valdimar Fr. Valdimarsson	2002
17	Kristín Jónsdóttir	2005	17	Guðmundur Benediktsson	2003
18	Magnús Jakobsson	2005	18	Magnús Jakobsson	2003
19	Grétar Svan Kristjánsson	2010	19	Páll Bjarnason	2003
20	Guðmundur Hjálmars Jónsson	2010	20	Kristján Jónatansson	2004
21	Gunnar Reynir Magnússon	2010	21	Guðmundur Jónsson	2005
22	Sigmundur Eiríksson	2010	22	Gunnar Steinn Pálsson	2005
23	Svanfríður María Guðjónsd.	2011	23	Hreinn Bergsveinsson	2005
24	Hafsteinn Jóhannesson	2011	24	Hreinn Jónsson	2005
25	Reynir Gísli Karlsson	2011	25	Valgerður Pálsdóttir	2005
26	Ármann J. Lárusson	2012	26	Ólafur Björnsson	2007
27	Þórir Hallgrímsson	2014	27	Alda Sveinsdóttir	2010
28	Sverrir Hauksson	2015	28	Andrés Pétursson	2010
29	Kristinn Jóhannesson	2015	29	Arndís Björnsdóttir	2010
30	Ólafur Björnsson	2017	30	Jóhannes Sveinbjörnsson	2010
31	Helgi Jóhannesson	2018	31	Þorsteinn Hilmarsson	2010
32	Andrés Pétursson	2020	32	Arnór Sigurðsson	2011
33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2020	33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2011
34	Indriði Jónsson	2020	34	Indriði Jónsson	2012
35	Kristján Jónatansson	2020	35	Sveinn Gíslason	2012
36	Pétur Ómar Ágústsson	2020	36	Einar Kristján Jónsson	2013
37	Böðvar Örn Sigurjónsson	2020	37	Guðni Stefánsson	2014
38	Steini Þorvalds	2021	38	Helgi Jóhannesson	2014
			39	Ólafur Sigtryggsson	2014
			40	Teitur Jónasson	2016
			41	Ásger Friðgeirsson	2017
			42	Ásgeir Friðþjófsson	2017

43	Karl Stefánsson	2017	18	Árni Guðmundsson	1995
44	Magnús Skúlason	2017	19	Ásgeir Friðþjófsen	1995
45	Orri Hlöðversson	2017	20	Birna Guðmundsdóttir	1995
46	Pétur Ómar Ágústsson	2017	21	Einar Vilhjálmsson	1995
47	Böðvar Örn Sigurjónsson	2018	22	Óttar B. Ellingsen	1995
48	Egill Eiðsson	2018	23	Sóley Stefánsdóttir	1995
49	Gunnar Snorrason	2018	24	Sverrir D. Hauksson	1995
50	Hannes Strange	2018	25	Þorbergur Karlsson	1995
51	Steini Þorvaldsson	2018	26	Eiríkur Jensson	1997
52	Gunnar Snorrason	2018	27	Ingibjörg Hinriksdóttir	1997
53	Hannes Sigurbjörn Jónsson	2019	28	Jón Björnsson	1997
54	Hákon Gunnarsson	2019	29	Magnús Jakobsson	1997
55	Guðmundur Jóhann Jónsson	2019	30	Þorsteinn Höskuldsson	1997
56	Benedikt Guðmundsson	2020	31	Agnar Logi Axelsson	1998
57	Guðmundur G. Sigurbergsson	2020	32	Einar Sumarliðason	1998
58	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2020	33	Haukur Hauksson	1998
59	Ingibjörg Hinriksdóttir	2020	34	Páll Grétarsson	1998
60	Magnús Kr. Eyjólfsson	2020	35	Pálmi Gíslason	1998
61	Magnús Árni Magnússon	2020	36	Andrés Pétursson	1999
62	Sigurrós Þorgrímsdóttir	2020	37	Guðmundur Jónsson	1999
63	Einar Sumarliðason	2020	38	Halldór Jónsson	1999
64	Halla Garðarsdóttir	2020	39	Hreinn Jónasson	1999
65	Jón Magnússon	2020	40	Jóhann Árnason	1999
66	Marinó Önundarson	2020	41	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2000
67	Viðar Bragi Þorsteinsson	2020	42	Gunnar Snorrason	2000
68	Einar Pétursson	2021	43	Ólafur Björnsson	2000
69	Viktória Gísladóttir	2021	44	Sighvatur Blöndahl á 50 ára	2000
			45	Sveinbjörn Strandberg	2000
			46	Hannes Jónsson	2001
			47	Jóhannes Sveinbjörnsson	2001
			48	Karl Stefánsson	2001
			49	Kjartan Ágústsson	2001
			50	Sveinn M. Árnason	2001
			51	Þorsteinn Hilmarsson	2001
			52	Ásdís Gísladóttir	2002
			53	Edda Valsdóttir	2002
			54	Egill Eiðsson	2002
			55	Gunnar Ragnarsson	2002
			56	Ingi Þór Hermannsson	2002
			57	Kristín Magnúsdóttir	2002
			58	Sigmundur Eiríksson	2002
			59	Atli Þórsson	2003
			60	Ástfríður Árnadóttir	2003
			61	Bjarni G. Þórmundsson	2003
			62	Einar Hauksson	2003
			63	Einar Pétursson	2003
			64	Guðmundur Björnsson	2003
			65	María Sigurðardóttir	2003
			66	Arnþór Sigurðsson	2004
			67	Böðvar Örn Sigurjónsson	2004
			68	Fanný Guðjónsdóttir	2004
			69	Guðbjörn Þór Ævarsson	2004

Silfurblíkar

Nr.	Nafn	Ár
1	Ármann J. Lárusson	1990
2	Bára Eiríksdóttir	1990
3	Ester Jónsdóttir	1990
4	Guðmundur Þórðarson	1990
5	Hafsteinn Jóhannesson	1990
6	Konráð Kristinsson	1990
7	Kristinn Jóhannesson	1990
8	Sveinn Jóhannsson	1990
9	Guðmundur Oddsson	1991
10	Helga Jóhannsdóttir	1991
11	Júlíus Sigurbjörnsson	1991
12	Sigurjón Valdimarsson	1991
13	Guðmundur Benediktsson	1993
14	Gunnar Reynir Magnússon	1993
15	Hannes Alfonsen	1993
16	Páll Bjarnason	1993
17	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1993

70	Gylfi Freyr Gröndal	2004	122	Magnús Valdimarsson	2013
71	Heiðrún Alda Hansdóttir	2004	123	Stefán Ragnar Jónsson	2013
72	Indriði Jónsson	2004	124	Arnór Heiðar Arnórsson	2014
73	Jóna Pálsdóttir	2004	125	Karl Ottó Schiöth	2014
74	Kristján Hjálmar Ragnarsson	2004	126	Viðar Bragi Þorsteinsson	2014
75	Sigurjón Sigurðsson	2004	127	Viktoría Gísladóttir	2014
76	Ásgeir Magnússon	2005	128	Guðrún Kristjánsdóttir	2015
77	Benedikt Guðmundsson	2005	129	Smári Rúnar Þorvaldsson	2015
78	Einar Ingvarsson	2005	130	Eggert Baldvinsson	2016
79	Guðrún Pétursdóttir	2005	131	Marinó Önundarson	2016
80	Ingólfur Proppé	2005	132	Guðmundur G. Sigurbjörnsson	2017
81	Ingólfur Sigmundsson	2005	133	Halla Garðarsdóttir	2017
82	Ólöf Guðmundsdóttir	2005	134	Helgi Viðar Hallgrímsson	2017
83	Sveinn Gíslason	2005	135	Hildur Grétarsdóttir	2017
84	Unnur Friðbjófsdóttir	2005	136	Ásgeir Baldurs	2018
85	Þóra Úlfarsdóttir	2005	137	Borghildur Sigurðardóttir	2018
86	Ari Skúlason	2006	138	Eiríkur Mörk Valsson	2018
87	Gísli Guðmundsson	2006	139	Halldór Arnarsson	2018
88	Gylfi Sigurpálsson	2006	140	Kristján Gunnar Ríkharðsson	2018
89	Marteinn Sigurgeirsson	2006	141	Margrét Skúladóttir Sigurðz	2018
90	Rúnar Andrew Jónsson	2006	142	Björg Jónsdóttir	2019
91	Kristjana Helgadóttir	2007	143	Heimir Snær Jónsson	2019
92	Magnús Skúlason	2007	144	Óðinn Sörli Ágústsson	2019
93	Ólafur Guðmundsson	2007	145	Ólafur Hrafn Ólafsson	2019
94	Steini Þorvaldsson	2007	146	Sigríður Jóna Helgadóttir	2019
95	Bjarni Sigurðsson	2008	147	Sóley Ægisdóttir	2019
96	Hannes Strange	2008	148	Valgerður Helga Sigurðardóttir	2019
97	Helga Eyfeld	2008	149	Helga Jónsdóttir	2019
98	K. Bessa Harðardóttir	2008	150	Anna Sigríður Ásgeirsdóttir	2020
99	Kristjana Jóna Þorlákssdóttir	2008	151	Halldór Grétar Einarsson	2020
100	Úlfhildur Haraldsdóttir	2008	152	Jón Sigurður Garðarsson	2020
101	Hallgrímur Arnalds	2009	153	Sigríður H. Kristjánsdóttir	2020
102	Helgi Jóhannesson	2009	154	Sigrún Ída Óttarsdóttir	2020
103	Kristín Rut Haraldsdóttir	2009	155	Sunna Guðmundsdóttir	2020
104	Logi Sigurfinnson	2009	156	Geirlaug Geirlaugsdóttir	2021
105	Pétur Hrafn Sigurðsson	2009	157	Gísli Ágústsson	2021
106	Örn Jónsson	2009	158	Jónas Pétur Ólason	2021
107	Bára Gunnarsdóttir	2010	159	Kristján Sigurgeirsson	2021
108	Geir Sverrisson	2010	160	Laufey Stefánsdóttir	2021
109	Gísli Jón Arnason	2010	161	Margrét Ágústsdóttir	2021
110	Pétur Ómar Ágústsson	2010	162	Smári Guðmundsson	2021
111	Sigrún A. Gunnarsdóttir	2010	163	Ingólfur Magnússon	2021
112	Sigurður Ingi Hauksson	2010	164	Margrét Ólafsdóttir	2021
113	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2011	165	Jóhanna Kristbjörg Einarsson	2021
114	Jón Magnússon	2011	166	Kristbjörg Lilja Daðadóttir	2021
115	Jón Sævar Þórðarson	2011	167	Stefán Geir Þorvaldsson	2021
116	Stefán Jóhannsson	2011	168	Valdimar Valdimarsson	2021
117	Trausti Þór Ósvaldsson	2011	169	Úlfar Hinriksson	2021
118	Örn Örlygsson	2011			
119	Eyþór Ragnarsson	2012			
120	Gylfi Steinn Gunnarsson	2012			
121	Magnús Kr. Eyjólfsson	2012			

Handhafar afreksbikars

Breiðabliks frá 1981

1981	Mfl. kv. í knattspyrnu
1982	2. fl. ka. í knattspyrnu
1983	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1984	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1985	Ævar Þorsteinsson, karate
1986	Mfl. ka. í handknattleik
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1988	3. fl. ka. í knattspyrnu
1989	Helgi Jóhannesson, karate
1990	Guðrún Arnardóttir, frjálsar
1991	Mfl. kv. í knattspyrnu
1992	Birkir Rúnar Kristinsson, sund
1993	Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattspyrna
1994	Mfl. kv. í knattspyrnu
1995	Mfl. kv. í körfuknattleik
1996	Mfl. kv. í knattspyrnu
1997	Mfl. kv. í knattspyrnu
1998	Geir Sverrisson, frjálsar
1999	Harpa Dögg Kjartansdóttir, skíði
2000	Margrét R. Ólafsdóttir, knattspyrna
2001	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2002	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjálsar
2003	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2004	3. fl. kv. í knattspyrnu
2005	Mfl. kv. í knattspyrnu
2006	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2007	Arnar Grétarsson, knattspyrna
2008	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2009	Mfl. ka. í knattspyrnu
2010	Mfl. ka. í knattspyrnu
2011	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2012	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2013	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2014	Viktor Ben Gestsson, kraftlyftingadeild
2015	Mfl. kv. í knattspyrnu
2016	Mfl. kv. í knattspyrnu
2017	Mfl. kv. í körfuknattleik
2018	Mfl. kv. í knattspyrnu
2019	Mfl. kv. í knattspyrnu

Afreksblikki konur

2016	Svana Katla Þorsteinsdóttir
2017	Fannís Friðriksdóttir
2018	Agla María Albertsdóttir
2019	Berglind Björg Þorvaldsdóttir

Afreksblikki karlar

2016	Ingi Rúnar Kristinsson
2017	Sindri Hrafn Guðmundsson
2018	Ingvar Ómarsson

2019 Patrik Viggó Vilbergsson

Handhafar deildarbikars

Breiðabliks frá 1989

1989	Karatedeild
1990	Skíðadeild
1991	Knattspyrnudeild
1992	Körfuknattleiksdeild
1993	Frjálsíþróttadeild
1994	Handknattleiksdeild
1995	Skíðadeild
1996	Sunddeild
1997	Frjálsíþróttadeild
1998	Knattspyrnudeild
1999	Skíðadeild
2000	Knattspyrnudeild
2001	Körfuknattleiksdeild
2002	Karatedeild
2003	Frjálsíþróttadeild
2004	Skíðadeild
2005	Knattspyrnudeild
2006	Sunddeild
2007	Frjálsíþróttadeild
2008	Karatedeild
2009	Knattspyrnudeild
2010	Knattspyrnudeild
2011	Kraftlyftingadeild
2012	Sunddeild
2013	Frjálsíþróttadeild
2014	Knattspyrnudeild
2015	Körfuknattleiksdeild
2016	Skákdeild
2017	Karatedeild
2018	Hjólreiðadeild
2019	Taekwondodeild

Handhafar þjálfarabikars

Breiðabliks frá 1991

1991	Sigurður Hjörleifsson, körfuboltad.
1992	Guðjón Reynisson, knattspd.
1993	Jón S. Garðarsson, skíðadeild
1994	Vanda Sigurgeirsdóttir, knattspd.
1995	Anton Bjarnason, knattspd.
1996	Ásgeir Magnússon, skíðadeild
1997	Pétur Óli Einarsson, körfuknattleiksd.
1998	Jörundur Áki Sveinsson, knattspd.
1999	Egill Eiðsson, frjálsíþróttadeild
2000	Gylfi Freyr Gröndal, körfuknattleiksd.
2001	Úlfar Hinriksson, knattspyrnudeild
2002	Magnús Kr. Eyjólfsson, karatedeild
2003	Vilhjálmur Kári Haraldsson, knattspd.
2004	Erna Þorleifsdóttir, knattspd.

2005	Thomas Fjoldberg, körfuknattleiksdeild	2004	Eggert Baldvinsson
2006	Jón Sævar Þórðarson, frjálsar	2005	Hildur Ástþórsdóttir
2007	Magnús Már Ólafsson, sunddeild	2006	Úlfhildur Haraldsdóttir
2008	Hákon Sverrisson, knattspyrnudeild	2007	Einar Ingvarsson
2009	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild	2008	Andrés Pétursson
2010	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild	2009	Pétur Hrafn Sigurðsson
2011	Linda Björk Lárusdóttir, frjálsíþróttadeild	2010	Marinó Önundarson
2012	Sverrir Óskarsson, knattspyrnudeild	2011	Jón Berg Torfason
2013	Vilhjálmur Þór Þóruson, karatedeild	2012	Helen Guðjónsdóttir
2014	Sigurður Sveinn Nikulásson, skíðadeild	2013	Eiríkur Mörk Valsson
2015	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild	2014	María Fanndal Birkisdóttir
2016	Helgi Jóhannesson, karatedeild	2015	Hannes Strange
2017	Hlynur Örn Gissurarson, taekwondodeild	2016	Hallgrímur Davíð Björnsson
2018	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild	2017	Halldór Grétar Einarsson
2019	Kristófer Gautason, skákdeild	2018	Pétur Ómar Ágústsson
		2019	Marteinn Sigurgeirsson

Handhafar félagsmálabikars

Breiðabliks frá 1970

1970	Steinar Lúðvíksson
1971	Magnús Jakobsson
1972	Gestur Guðmundsson
1973	Guðmundur Óskarsson
1974	Helga Kristjánsdóttir
1975	Þórir Hallgrímsson
1976	Valdimar K. Valdimarsson
1977	Gyða Stefánsdóttir
1978	Hafsteinn Jóhannesson
1979	Hulda Pétursdóttir
1980	Jón Ingi Ragnarsson
1981	Ásgeir Friðþjófsson
1982	Konráð Kristinsson
1983	Ólína Sveinsdóttir
1984	Helga Jóhannsdóttir
1985	Ester Jónsdóttir
1986	Jóhann Baldurs
1987	Kristinn Jóhannesson
1988	Þorbergur Karlsson
1989	Hildur Grétarsdóttir
1990	Sverrir D. Hauksson
1991	Óttar Ellingsen
1992	Eypór Árnason
1993	Einar Vilhjálmsson
1994	Hreinn Jónasson
1995	Eiríkur Jensson
1996	Ingibjörg Hinriksdóttir
1997	Sveinn M. Árnason
1998	Hannes Jónsson
1999	María Sigurðardóttir
2000	Jóhannes Sveinbjörnsson
2001	Einar Pétursson
2002	Ástfríður Árnadóttir
2003	Indriði Jónsson

**Handhafar prúðmennskubikars
Breiðabliks frá 1975**

1975 Björn Jónsson, handknattleikur
1976 Sigurjón Kristjánsson, knattspyrna
1977 Telma Björnsdóttir, frjálssar
1978 Margrét Sigurðardóttir, knattsp.
1979 Brynjar Björnsson, handknattleikur
1980 Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1981 Steinar Lúðvíksson, sund/skíði
1982 Ragnar Bjartmars, körfubolti
1983 Ólafur Björnsson, knattspyrna
1984 Hildur Grétarsdóttir, blak
1985 Sigurjón Valmundsson, frjálssar

1986 Jón Þórir Jónsson, knattsp./handkn.
1987 Guðmundur Hrafnkelsson, handkn.
1988 Sigurður E. Hjaltason, handkn.
1989 Guðrún Arnardóttir, frjálssar

Prúðmennskubikar hefur ekki verið veittur frá 1990.

**Árið sem nefnt er, er árið sem
viðurkenningin er veitt fyrir.**

**Bikararnir eru afhentir á aðalfundi (í maí)
árið á eftir.**



Sveinn Gíslason
formaður



Halla Garðarsdóttir
varaformaður



Rakel Ásgeirsdóttir
gjaldkeri



Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
ritari



Ásgeir Baldurs
meðstjórnandi



Aðalheiður María Vigfúsdóttir
meðstjórnandi



Björgvin Gestsson
meðstjórnandi



Eysteinn Pétur Lárusson
framkvæmdastjóri

Ársskýrsla Aðalstjórnar Breiðabliks 2022

Árið 2021 einkenndist af Covid eins og fyrra ár. Covid hefur haft mikil áhrif á starfsemi félagsins þessi tvö ár sem og í upphafi þessa árs. En blessunarlega er Covid að baki. Þrátt fyrir mikla röskum á hefðbundinni starfsemi félagsins gekk vel á árinu 2021. Þökk sé góðu skipulagi og einstakri útsjónarsemi starfsfólks og þjálfara sem og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem ávallt eru tilbúnir að leggja hönd á plóg. Heildarárangur félagsins á síðasta ári var frábær og fyrir það ber að þakka. Það er langt því frá að vera sjálfgefið.

Breiðablik er stórt ungmennafélag og bættist við ein deild á síðasta ári þegar við stofnuðum félags- og tómstundadeild Breiðabliks sem hýsir m.a. Rafíþróttir. Rafíþróttirnar hafa farið vel af stað og nú stunda í kringum 100 krakkar rafíþróttir undir merkjum Breiðabliks og handleiðslu okkar góðu þjálfara. Æfingar fara fram í húsnæði Arena sem er hér í næsta nágrenni við Smáratorgið.

Eitt megin hlutverk Breiðabliks er veita félagsmönnum tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi. Það skiptir því í sjálfu sér ekki megin máli hvort við flokkum tölvuleiki sem íþrótt eða tómstundastarfsemi, það er hvort heldur innan okkar verksviðs. Íþróttaiðkun er og á að vera almenn, við þurfum og eigum að stunda íþróttir og aðra heilsurækt eða tómstundastarfsemi alla ævi.

Deildir félagsins er því orðnar 12 talsins. Þetta eru frjálsar íþróttir, hjólræðar, karate, knattspyrna, kraftlyftingar, körfubolti, rafíþróttir, skák, skíði, sund, taekwondo og þríþraut.

Við erum svo einnig með öflugan hlaupahóp sem hefur farið ört stækkandi og þá bjóðum við upp á ýmsar íþróttir fyrir eldri iðkendur sem og íþróttaskóla fyrir yngstu kynslóðina.

Breiðablik er því ungmennafélag sem

býður upp á fjölbreyttar íþróttir fyrir alla aldurshópa.

Fjárhagsstaða félagsins er traust og skiluðu flestar deildir hagnaði á síðasta rekstrarári og félagið í heild var rekið með myndarlegum hagnaði. Það verður að teljast vel gert þar sem síðasta ár litaðist mjög að COVID. Við höfum sýnst skynsemi í okkar rekstri. Þó svo þessum heimsfaraldri sé lokið er nauðsynlegt nú sem endranær að gæta aðhalds. Ég hef sagt áður og segi einnig nú að án góðrar fjárhagsstöðu er nánast ómögulegt að halda úti öflugum íþróttastarfi þegar til lengdar er litið. Hér verður farið lauslega yfir helstu verkefni aðalstjórnar á liðnu rekstrarári;

Fundahöld

Fundir aðalstjórnar

Á starfsárinu hélt aðalstjórn félagsins 15 fundi. Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins: Sveinn Gíslason, formaður til eins árs Ásgeir Baldurs til 2ja ára. Rakel Ásgeirsdóttir til 2ja ára Þórólfur Heiðar Þorsteinsson til 2ja ára

Á aðalfundi félagsins árið 2020 voru eftirtaldir kosnir til 2ja ára og voru því ekki í kjöri.

Halla Garðarsdóttir

Björgvin Gestsson

Aðalheiður María Vigfúsdóttir

Eysteinn P. Lárusson, framkvæmdastjóri félagsins, undirbjó fundi og sat þá. Góður andi einkenndi störf stjórnarmanna sem allir sinntu starfi sínu af ábyrgð og festu.

Deildastjórnarfundir

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalstjórn halda sameiginlega fundi með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Einn deildastjórnarfundur var haldinn á starfsárinu og var hann haldinn þann 8.

desember 2021 og fór hann fram á Teams.

Meginefni fundarins voru:

- Skipurit aðalstjórnar og farið var yfir áhersluverkefni aðalstjórnar.
- Farið var yfir stöðun á stefnumótunarverkefninu Kyndillinn.
- Rætt var um fyrirkomulag íþróttahátíðarinnar og með hvaða hætti hún verður haldinn.
- Önnur praktísk mál er varðar deildir, ofl.

Heiðursviðurkenningar

Heiðursnafnbótina *Heiðursblik*
fengu eftirtaldir:

Steini Þorvalds, á aðalfundi félagsins

Heiðursnafnbótina *Gullblik* *fengu eftirtaldir:*

Einar Pétursson, á aðalfundi félagsins
Viktoría Pétursdóttir, á aðalfundi félagsins

Heiðursnafnbótina *Silfurblik* *fengu eftirtaldir:*

Geirlaug Geirlausdóttir, á aðalfundi félagsins
Gísli Ágústsson, á aðalfundi félagsins
Jónas Pétur Ólason, á aðalfundi félagsins
Kristján Sigurgeirsdóttir, á aðalfundi félagsins
Laufey Stefánsdóttir, á aðalfundi félagsins
Smári Guðmundsson, á aðalfundi félagsins
Margrét Ágústsdóttir, á aðalfundi félagsins
Ingólfur Magnússon, á aðalfundi knattspyrnudeildar
Margrét Ólafsdóttir, á aðalfundi knattspyrnudeildar
Jóhanna Kristbjörg Einarsdóttir, á

framhaldsaðalfundi knattspyrnudeildar
Kristrún Lilja Daðadóttir, á
framhaldsaðalfundi knattspyrnudeildar
Stefán Geir Þorvaldsson, á
framhaldsaðalfundi knattspyrnudeildar
Valdimar Valdimarsson, á
framhaldsaðalfundi knattspyrnudeildar
Úlfar Hinriksson, á 50 ára afmæli sínu

Ýmis verkefni

Aðstöðumál deilda

Eitt megin hlutverk Aðalstjórnar er að stuðla að góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar. Það hlutverk er bæði snúið og flókið vegna þess að Aðalstjórn hefur ekkert fjárveitingarvald. En Aðalstjórn getur haft áhrifavald. Það er því ljóst að á herðum nýjar Aðalstjórnar hvílir sú skilda að knýja á um bætta aðstöðu í takt við þá fjölgun sem er að eiga sér stað í félaginu. Það er ljóst að skóinn kreppir víða þegar rennt er yfir aðstöðumál deilda.

Í frjálsum íþróttum er ekki lengur neinn löglegur keppnisvöllur utandyra sem þau höfðu áður en gervigras var lagt á Kópavogsvöll. Þá hefur knattspyrnudeildin stækkað ört og ljóst að nýr æfingavöllur vestan við Fífuna þarf að líta dagsins ljós fyrr en síðar. Einnig þarf að gera Kópavogsvöll löglegan fyrir evrópuleiki. Þá hefur körfuknattleiksdeildin haft íþróttahúsið í Smáranum fyrir sína starfssemi en það dugir ekki til vegna iðkendafjölda og er alveg ljóst að félagið þarf að fá meiri aðgang að íþróttahúsinu í Fagralundi sem hefur ekki verið hingað til. Þá hefur taekwondodeild félagsins verið með aðstöðu í Lindaskóla en auðvitað er draumurinn þar að vera með sína eigin aðstöðu.

Karatedeildin notar að stórum hluta veislusal félagsins undir sína starfssemi og þarf oftast en ekki að víkja fyrir öðru félagsstarfi innan félagsins og ljóst að finna þarf lausn á þeim vanda. Þá hefur kraftlyftingadeildin verið með sína

aðstöðu í gluggalausum og þröngu rými á jarðhæðinni í stúkunni. Vonir standa hins vegar til að deildin fái betri aðstöðu upp í Digranes innan tíðar. Skákdeild félagsins nýtir glersalinn í stúkunni á Kópavogsvelli. Með aukinni notkun á knattspyrnuvelli og eftir að hann varð heilsársvöllur hefur viðburðum fjölgað þar og þarf því að huga að framtíðarlausn fyrir skákdeildina. Skíðadeildin er með sína aðstöðu í Bláfjöllum en lengi hefur staðið til að fara í miklar uppbyggingu á því svæði í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Nú sér vonandi fyrir endann á þeirri bið. Sunddeildin nýtir tíma í Kópavogslauginni og í Salalauginni en þetta eru báðar glæsilegar sundlaugar. Hins vegar þarf deildin að fá meiri forgang á tímum í lauginni og er það eitthvað sem þarf að vinna í. Þá skal það einnig nefnt hér að hjólreiðadeild og þríþrautardeild félagsins leigja sína tíma í Sporthúsinu og World Class en í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að þessar deildir verði með sína eigin aðstöðu. Síðast en ekki síst er það nýjasta deildin okkar sem hýsir rafíþróttirnar en sú deild er í einni glæsilegustu aðstöðu landsins í Arena Smáratorgi.

En það sem sameinar allar deildir hvað varðar íþróttaiðkun er styrktarþjálfun. Það er í raun ótrúlegt að jafn stórt og öflugt félag eins og Breiðablik er skuli ekki vera með betri styrktarþjálfunaraðstöðu. Á þessum stað ætti hjartað í starfsseminni í raun og veru að vera. Þetta er staðurinn þar sem ólíkar deildir geta unnið saman þrátt fyrir ólíkar íþróttagreinar sem þau stunda. Þetta er staðurinn sem íþróttafólkið okkar kynnist milli ólíkra íþróttgreina og þetta er staðurinn sem sameinar félagið. Þetta er eitthvað sem verður að lagast.

En allt kostar þetta og fjármagnið er eins og við vitum af skornum skammti. Því þarf að leita annarra leiða til að fjármagna þá aðstöðu sem við viljum

lata verða að veruleika. Við höfum áhuga uppbyggingu á Smárasvæðinu og nýta t.d. landið umhverfis Kópavogsvöll til að búa til verðmæti og byggja þannig upp aðstöðu fyrir deildir félagsins.

Aðstöðumál félagsins er því eitt af allra mikilvægustu verkefnum aðalstjórnar félagsins hverju sinni og er ljóst að ofantöldu að stórataks er þörf í aðstöðumálum félagsins.

Kyndillinn

Ný stefnumótun félagsins sem ber heitið Kyndillinn, leit dagsins ljós eftir rúma tveggja ára vinnu. Um er að ræða tæplega 80 blaðsíður þar sem fram kemur fyrir hvað félagið stendur, hver markmið, gildi, stefnur og áætlanir þess eru ásamt hugmyndafræðinni á bakvið þetta allt saman.

Það var knattspyrnudeild félagsins sem hóf stefnumótunavinnuna með aðstoð Viðars Halldórssonar prófessor í félagsfræði. Fljótlega kom aðalstjórn félagsins inn í samstarfið og var þá ákveðið að semja stefnumótun fyrir allt félagið í heild sinni með möguleika á sértækari undirköflum fyrir hverja og eina deild, líkt og knattspyrnudeildin hefur nú þegar samið.

Í upphafi maímánaðar var haldin kynning á Kyndlinum fyrir stjórnir allra deilda ásamt því að blásið var til vorhátíðar í Fífunni þar iðkendur og forráðamenn fengu smjörþefinn af stefnumótuninni.

Samhliða opinberun á stefnumótuninni var ákveðið að fegra svæði félagsins með því að útbúa myndir fyrir ljósastaura og veggir félagsins þar sem hver deild fær sitt pláss ásamt gildum félagsins sem eru fagmennska, framsækni, jafnrétti og samvinna.

Þess ber einnig að geta að í allri þessari vinnu varð teiknimyndapersónan Logi til, en hans helsta hlutverk er að ná til okkar yngri iðkenda og meðal annars útskýra gildi félagsins fyrir þeim. Nú þegar er búið að opinbera fimm

myndbönd með Loga en þau má nálgast á vefsíðu Kyndilsins ásamt öllu öðru efni tengdu stefnumótuninni. Vefsíðu Kyndilsins má finna á heimasíðu Breiðabliks.

Árþing UMSK

98. árþing UMSK fór fram í Hlégarði Mosfellsbæ þann 28. apríl síðastliðinn og vorum við hjá Breiðablik vel mönnum eins og endranær. Eftirtaldir Blikar hlutu viðurkenningar á þinginu:

Íþróttakarlar UMSK – Arnar Pétursson Breiðabliki

Lið ársins – Kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu

Afrekssvið MK

Afrekssvið menntaskólans í Kópavogi, sem er samstarfsverkefni íþróttafélaganna í Kópavogi, hefur gengið mjög vel á árinu undir styrkri stjórn Daða Rafnssonar. Ásókn á afrekssviðið hefur aukist jafnt og þétt og er í dag tæplega fjórði hver nemandi við skólann sem velur afrekssviðið.

Heilsuefning eldri borgara / Virkni og vellíðan

Í mörg ár hefur verið starfræktur hópur eldri borgara sem telur hátt í 50 manns og æfir hann 2x í viku undir styrkri stjórn Jóns Sævars Þórðarsonar. Til viðbótar þessum hóp fór af stað samstarfsverkefni Breiðabliks, HK og Gerplu með stuðningi Kópavogsbæjar og í samstarfi við UMSK og HR. Þetta verkefni ber heitið Virkni og vellíðan og eru stjórnendur verkefnisins Fríða Karen Gunnarsdóttir íþróttافرæðingur og Eva Katrín Friðgeirsdóttir íþróttافرæðingur. Vel á annað hundrað manns stunda æfingar reglulega í viku hverri bæði í Fífunni og Smáranum. Stefnt er að því að fjölga þeim sem stunda hreyfingu innan hópsins í 200 talsins á næstu misserum. Skemmst er frá því að segja að gríðarleg ánægja er með verkefnið eins og niðurstöður

ánægjuvogskannanna sýnir og nú er svo komið að önnur sveitarfélög eru farinn að spyrjast fyrir um verkefnið með það í huga að fá aðgang að því og innleiða innan sinna raða.

Áramótabrennan

Vegna Covid 19 þurfti því miður að aflýsa brennunni þetta árið.

Íþróttahátíð Breiðabliks

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin í þriðja sinn með nýju sniði miðvikudaginn 12. janúar 2022 og þóttist takast vel til. Vegna Covid-19 var viðburðurinn lokaður, líkt og í fyrra, og mætti því aðeins íþróttafólki á staðinn sem hlaut viðurkenningar ásamt starfsfólki félagsins. Þá var hátíðinni streymt beint á Blikar-Tv.

Á hátíðinni var íþróttafólkinu okkar sem skarað hafði fram á árinu 2021 veittar viðurkenningar. Öllum deildum bauðst að verðlauna karl og konu ásamt því að Deildarbikar og Þjálfarabikar félagsins voru afhentir. Að lokum voru tilkynnt úrslit úr nýtilkominni kosningu á Íþróttakarli og Íþróttakonu Breiðabliks. Kosningin samanstóð af atkvæðum frá hverri og einni deild ásamt aðalstjórn og íþróttastjóra félagsins.

Þau sem hlutu viðurkenningu voru eftirfarandi

Deildarbikar - Hjólreiðadeild

Þjálfarabikar – Alberto Borges Moreno

Íþróttakarli Breiðabliks - Arnar Pétursson

Íþróttakona Breiðabliks – Agla María Albertsdóttir

Frjálsíþróttakona – Birna Kristín Kristjánsdóttir

Frjálsíþróttakarli – Arnar Pétursson

Hjólreiðakona – Elín Kolfinna Árnadóttir

Hjólreiðakarli – Ingvar Ómarsson

Hlaupakona – Sigríður Rúna Þóroddsdóttir

Hlaupakarli – Thijs Kreukels

Karatekona – Móey María Sigþórsdóttir McClure

Karatekarli – Tómas Pálmar Tómasson
Knattspyrnukona – Agla María Albertsdóttir

Knattspyrnukarli – Viktor Karl Einarsson

Kraftlyftingarkona – Sóley Margrét Jónsdóttir

Kraftlyftingarkarli – Guðfinnur Snær Magnússon

Körfuknattleikskona – Isabella Ósk Sigurðardóttir

Körfuknattleikskarli – Hilmar Pétursson

Skákkarli – Vignir Vatnar Stefánsson

Skíðakarli – Björn Davíðsson

Sundkona – Freyja Birkisdóttir

Sundkarli – Patrik Viggó Vilbergsson

Þríþrautarkona – Guðlaug Edda Hannesdóttir

Þríþrautarkarli – Sigurður Örn Ragnarsson

Þess ber að geta að Rafíþrótt- og Taekwondodeildir félagsins tilnefndu engan í ár ásamt því að Skák- og Skíðadeildirnar tilnefndu enga konu að þessu sinni.

Rekstur og fjármál

Rekstarniðurstaða Breiðabliks var mjög góð árinu 2021. Rekstur Aðalstjórnar var sem fyrr traustur og stöðugur en hagnaður var á rekstri flestra deilda félagsins á síðasta starfsári. Þrátt fyrir mjög krefjandi rekstar skilyrði tókst okkur að skila rekstri félagsins í heild jákvæðum. Það er langt frá því að vera sjálfgefið. Fjármálastjórn félagsins er til fyrirmyndar og rétt hér við þessar aðstæður að þakka stjórnarmönnum deilda sem og fjármálastjóra og framkvæmdastjóra Breiðabliks fyrir vel unnin störf í þeim efnum.

Samanlagðar skuldir félagsins eru vel innan við ásættanleg mörk og peningaleg staða félagsins jákvæð. Félagið er að standa við sínar skuldbindingar, þannig hefur það verið

og mjög mikilvægt að tryggt sé að þannig verði það um ókomin ár.

Lokaorð formanns

Ég verð ekki í framboði til formanns aðalstjórnar að þessu sinni og mun því hætta sem formaður Breiðabliks. Ég kom inn í aðalstjórn 1999 eða fyrir um 23 árum. Mér finnst því mál að linni. Á þessum tíma hefur félagið tekið gríðarlegt stökk fram á við. Öll fagmennska bæði í þjálfun og rekstri félagsins hefur aukist mikið. Breiðablik er í dag eitt best rekna íþróttafélag landsins ef ekki heims. Það er bara þannig. Hvert sem litið er þá skarar Breiðablik fram úr. Bæði innlend og erlend íþróttafélög eru að leita til okkar og kynna sér hvernig við erum að gera hlutina. Við tökum öllum opnum örmum og miðlum af okkar þekkingu og reynslu vegna þess að við elskum íþróttir og viljum veg íþróttar sem mestan og bestan. Ég er gríðarlega stoltur af því að eiga minn þátt í þessari stórkostlegu vegferð.

En nú er komið að kaflaskilum. Það er því með miklum trega og söknuði sem

ég kveð Breiðablik. Þetta verða viðbrigði. Ég og Eysteinn höfum heyrst nánast daglega og höfum gert það í nokkur ár. Ég mun sakna þess. En ég verð ekki langt undan og verð boðinn og búinn hér eftir sem hingað til að leggja hönd á blóg við að efla Breiðablik og íþróttastafið í bænum almennt. Ég brenn fyrir það.

Ég vil að lokum þakka þeim fjölmörgu einstaklingum sem ég ef starfað með hjá Breiðablik þessi 23 ár. Undantekningarlaust frábært fólk. Ég er óendanlega þakklátur fyrir þennan tíma. Hann hefur gefið mér mjög mikið og gert mig að betri manni. Breiðablik er gríðarlega öflugt félag á alla mælikvarða, það er ekki sjálfgefið og gerist ekki nema með mikilli og óeigingjarnri vinnu fjölmargra.

Ég segi því bara takk fyrir mig elsku vinir.

Áfram Breiðablik.
F.h. stjórnar Breiðabliks
Sveinn Gíslason,
formaður aðalstjórnar

Skýrsla Íþróttaskóla 2021-2022

1. Það voru að mæta allt að 200 börn í haust og mætti því segja 100-200 börn hafi mætt á laugardags morgnum í vetur. Hugsanlega hefðu við haldið áfram nær 200 ef takmarkanir hafi ekki verið hertar aftur.

2. Við þurftum að fara niður í 50 manna takmarkanir og fella niður einhverja tíma í vetur vegna Covid. Við það fækkaði auðvitað iðkendum mikið en voru þó alltaf yfir 100 krakkar að mæta eftir að takmörkunum var aflétt.

3. Það má kannski nefna það að við höfum þurft að halda 6 tíma á vorönninni fyrir utan Smárann vegna annarra viðburða í húsinu. Bæði Covid og þessar tilfærslur hafi haft mikl áhrif á starfið á þessari önn.



4. Hugsanlega þurfi að skoða betur aðstöðumál betur fyrir íþróttaskólann. Það gangi ekki að fella niður marga tíma eða færa skólann mikið á milli íþróttamannvirkja. Það hentar þessum aldurshóp illa.

5. Auk þess hefur fjölgað mikið í skólanum á síðustu árum og mætti því skoða það að fjölga tímum úr 2 í 3 á laugardags morgnum í samræmi við aukin fjölda nemanda.

6. Fylgendum facebook síðunnar hefur fjölgað töluvert og eru núna 1,163 (ekki 800).



Eldri borgara leikfimin 2021-2022



Eftir tvö erfið tímabil þokast nú æfingar okkar í rétta átt. Faraldurinn minnti aðeins á sig en var að mestu leiti í aukahlutverki. Miklu munar að nú koma menn saman á ný eftir æfingar, fá sér kaffi og með því og ræða heimsmálin.

Stöðugleiki í þjálfun á hvaða aldri sem er skilar bestum árangri og nú finnst mér hópurinn vera að komast á skrið.

Yfir 30 manns mæta á æfingar og nýtt fólk er að bætast í hópinn. Breiðablik fékk Fríðu Rún Þórðardóttur næringarfræðing til að messa yfir hópnum og mæltist það vel fyrir. Bjartsýni eykst, fólk leggst meira í ferðalög og lífið er að komast í eðlilegt horf.

Við tökum okkur sumarfrí í maílok og fólk hlakkar til sumarsins og að hittast síðan aftur í haust.

Með kveðju,

Jón Sævar þjálfari

Skýrsla Getraunaneftndar 2021-2022

Getraunastarf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár og. Á laugardögum mæta Blikar á milli kl. 10 og 12 í tengibygginguna og reyna sig við getraunaseðilinn, það var sami hópur sem sá um starfið og verið hefur undanfarin ár eða þeir Halldór Arnarsson, Björgvin Ingason, og Sigurjón Sigurjónsson og við bættist svo Marínó Önundarson Guðbjörg Hinriksdóttir sá síðan um veitingarnar eins og henni einni er lagið.

Það má segja að nýliðun í laugardagshópnum hafi ekki verið mjög mikil á síðustu árum en það væri gaman að geta stækkað hann enda ágætis morgunstund sem fólk á þarna saman. Fífan er hjartað í félaginu yfir vetrartímann og mjög oft eru leikir hjá meistaraflokkunum á sama tíma og getraunakaffið er þannig að það á að

vera hægt að efla þetta enn frekar með samstilltu átaki. Vonandi náum við að blása í herlúðra á næsta misseri og náum að fjölga þátttakendum enda er getraunastarfið mikilvæg fjáröflun fyrir félagið. Það er lag núna eftir þessi blessuðu Covid ár að reyna að efla þetta núna í haust þegar starfið byrjar að nýju.

Veturinn í vetur var eins og árið á undan nokkuð tættur vegna lokanna og samkomutakmarkana.

En í sumar eru spennandi tímar á Íslandi og ástæðulaust að hætta að tippa þó svo að kaffið liggi niðri og þá er um að gera fyrir alla sem vettlingi geta valdið að reyna sig við tippið og muna eftir að merkja við getraunanúmerið okkar 200.

F.h. Getraunaneftndar,
Halldór Arnarsson

**Samstæðureikningur Breiðabliks
og
Ársreikningur Aðalstjórnar
2021**

Áritun stjórnar

Stjórn Breiðabliks ungmennafélags, staðfestir ársreikning þennan fyrir árið 2021 með áritun sinni:

Sveinn Gíslason
Formaður
(Rafræn undirritun)

Halla Garðarsdóttir
varaformaður
(Rafræn undirritun)

Rakel Ásgeirsdóttir
meðstjórnandi
(Rafræn undirritun)

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
meðstjórnandi
(Rafræn undirritun)

Ásgeir Baldurs
meðstjórnandi
(Rafræn undirritun)

Björgvin Gestsson
meðstjórnandi
(Rafræn undirritun)

Aðalheiður María Vigfúsdóttir
meðstjórnandi
(Rafræn undirritun)

Eysteinn Pétur Lárusson
framkvæmdastjóri
(Rafræn undirritun)

Áritun óháðs endurskoðanda

SGS-

Reykjavík, 9. maí 2022.

Breiðablik ungmennafélag
Dalsmára 5
Kópavogi

Efni: Endurskoðun á ársreikningi árið 2021.

Við viljum gera grein fyrir endurskoðunarvinnu okkar vegna ársins 2021 fyrir Breiðablik. Við höfum við vinnu okkar fengið greiðlega allar upplýsingar sem um var beðið. Við höfum kannað eignir og skuldir, skoðað rekstrarliði og yfirfarið skil á gjöldum.

Bókhald félagsins er skipulega fært í traustu bókhaldskerfi og umgengni góð og aðgengilegt til skoðunar.

Félagið er fjárhagslega sterkt og er handbært fé kr. 150 millj. hærra en skuldir fyrir utan óhafnar tekjur og er það aukning milli ára um kr. 43 millj. milli ára. Peningaleg staða er kr. 162 millj sem er aukningum um 65 milljónir milli ára. Eiginfjárlutafall er 62% í árslok 2021 en var 58% árið áður.

Með nýju skipulagi, dreifingu ábyrgðar og verkskiptingu hefur innra eftirlit styrkst og er innra eftirliti fullnægjandi en nokkur áhættu er alltaf viðvarandi.

Skoðunarmenn hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að skoða einstaka liði svo sem að meta útistandandi kröfur, yfirfara birgðir og stöðu lánardrottna ásamt öðrum aðgerðum. Við endurskoðunarvinnu okkar höfum við stuðst við vinnu þeirra enda eru þeir vel menntaðir til þessarar vinnu.

Við gerum ekki athugasemdir við reikningshald og ársreikning Breiðabliks fyrir árið 2021.

Efnahagur

Almennt

Opnunartölur ársins voru yfirfarnar og reyndust án frávika.

Fastafjármunir

Skráning á eignarhaldi og váttryggingar fasteigna var skoðuð sem og fjárhæðir í skýringu, þ.e. fasteigna- og brunabótamat frá Fasteignamati. Farið var yfir eignarhald með staðfestingum við endurskoðun vegna ársins og er byggt á skoðun fyrri ára.

Endurmat á leikmannasamningum var yfirfarið í knattspyrnudeildinni var yfirfarið við endurskoðunar deildarinnar í febrúar. Skoðun kom vel út. Helst það má nefna að fyrningarskýrsla með ársreikningi Knattspyrnudeildarinnar tekur ekki til leikmanna heldur aðeins áhalds og tæki. Betur færi á því að meðtaka leikmenn með í því yfirlit. Í ársreikningi Breiðabliks er ekki birt fyrningarskýrsla, hefð hefur verið fyrir því að skýringar í samanteknum ársreikningum íþróttafélaga séu af skörum skammti.

Yfirlit fastafjármuna og afskrifalykla borið saman við stöður í ársreikningum deilda og samanteknum reikningsskilum. Engir mismunir fyrir hendi.

Fyrningarskýrslur bornar saman við ársreikninga og engin frávik komu fram önnur en ofangreind. Yfirfórum forsendur fyrninga, teljum í lagi.

Yfirfórum viðhalds og viðgerðalykla (helst Knattspyrnudeildir og Aðalstjórnar) auk greininga á öðrum deildum m.t.t. hvort einhverjar verulega sveiflur hefðu átt sér stað, hvort gögn að baki gjaldfærslum væru til staðar og hvort rétt væri að eignfæri einhvern hluta þess viðhald. Skoðun kom vel út og gerum við engar athugasemdir við meðferð viðhald og viðgerðalykla félagsins.

Yfirfórum bókfært verð fastafjármuna félagsins og kölluðum jafnframt eftir staðfestingu framkvæmdarstjóra að hann telji ekki þörf að sérstökum niðurfærslum vegna úreldinga eigna eða tjóns.

Engar frekari athugasemdir varðandi fastafjármuni.

Veltufjármunir

Útistandandi kröfur:

Útistandandi kröfur voru skoðaðar með greiðslurm eftir áramót. Almennt séð var innheimta krafna í góðu lagi.

Kallað var eftir skuldastöðu viðskiptamanna allra deilda og aldursgreiningu. Umbeðin gögn bárust ásamt því að greiðslur eftir áramót niður á viðskiptamann, fylgdu með jafnframt. Afstemmingar sýndu að nær allar útistandandi viðskiptakröfur eftir áramót voru greiddar.

Röktum við hluta þeirra til bankagreiðsla af hreyfingayfirlitum bankafærslna. Engir mismunir voru á þeim og afstemmingum greiðslna sem okkur barst. Teljum viðskiptamenn rétt færða.

Þar sem kröfur voru ekki greiddar eftir áramót fylgdu með skýringar þar sem tekin var afstaða til sérstakar niðurfærslu. Gerum við ekki athugasemd við þá afstöðu enda innheimta almennt góð og skýringar ágætlega rökstuddar.

Ein krafa var afskrifuð á árinu, innanhúskrafa Aðalstjórnar á Körfuna. kr. 10 millj. Samlagningarvilla í samstæðuskjali skilaði því að krafa var sýnd í samstæðu, við nánari eftirgrennslna kom í ljós að vegna rangar færslu framkvæmdar og markaðssjóðs (kr. 5) virtist sem skekkjan lægi í töpuðum kröfum en svo var ekki. Þegar skammtímaskuldin var færð sem slík (af kröfu) lagfærðist skekkjan og var við það tapaðri kröfu aðalstjórnar eytt út á móti tekjufærslu Körfunnar af eftirgefni kröfu. Þar sem hér var um samlagningarvillu í Aðalstjórn að ræða en ekki beina villu við reikningsskil, teljum við ekki að hér sé um skekkju að ræða í ársreikningi enda hefði þessi samlagningarskekkja ávallt komið upp þar sem Staða fastafjármuna í Aðalstjórn (í samstæðu) stemmdi ekki við ársreikning.

Bankareikningar og sjóður:

Allar stöður bankareikninga í öllum deildum, samtals kr. 228 millj. í bókhaldi 31/12 2021 voru bornar saman við yfirlit frá banka og var samanburður án frávika.

Við endurskoðun voru skannaðir aðalreikningar Knattspyrnudeildar og Aðalstjórnar.

Engin óeðlileg frávik komu fram við þessa skoðun á handbæru fé.

Eigið fé

Við höfum yfirfarið og rakið breytingar á eigin fé á árinu, stöðu í ársbyrjun og lokastöðu. Engar athugasemdir.

Skuldir

Skammtímaskuldir

Við höfum skoðað ógreidda staðgreiðslu og tryggingagjald og stemma upplýsingar frá opinberum aðilum við ársreikning.

Við höfum tekið úrtak vegna ógreiddra gjalda til lífeyrissjóða og komu engin frávik fram og kannað greiðslu á skuldum vegna launaliða sem voru án frávika. Ekki eru gerðar athugasemdir við skammtímaskuldir.

Fengin voru yfirlit yfir skammtímaskuldir og voru þau borin saman við fjárhagsbókhald deilda, ársreikninga þeirra og stöðu í samstæðu. Engir mismunir fundust. Tölulegur samanburður framkvæmdur á breytingum milli ára (greiningaraðgerðir) og kom sú skoðun vel út.

Við skoðun út skammtímaskuldum var jafnframt stuðst við greiðslur eftir áramót sem fylgdu með í gagnapakka, þó svo sú skoðun sé ekki staðfesting á ófærðum skuldum gefur sú skoðun sterka vísbendingu um að þeir lánardrottna séu rétt færðir. Kannað var með fyrirspurnum til stjórnenda hvort einhverjar ófærðar skuldbingar væru til staðar, svar á þá leið að ekkert vantaði í fjárhagsbókhald og að engar ófærðar skuldir væru til staðar. Við endurskoðun knattspyrnudeildar voru jafnframt yfirfarnar skuldleysisýfirlýsingar starfsmanna, lífeyrissjóða og staða við opinbera aðila. Skammtímaskuldir knattspyrnudeildarinnar telja um 2/3 af skammtímaskuldum og því líklegt að ef ófærðar skuldir væru fyrir hendi hjá félaginu væru þær fyrir hendi þar.

Með skammtímaskuldum voru óhafnar tekjum yfirfarnar. Kallað var eftir öllum stærðum til úrreiknings á óhöfnum tekjum Körfunnar og fengust umbeðin gögn. Við skoðun stemmdu allar forsendur við útreikning á óhöfnum tekjum. Smávægilegur munur við yfirlit frá Sportabler en við því að var að búast enda breytast skráningar í því kerfi jafnóðnum. Teljum forsendum til útreiknings óhafinna tekna viðeigandi fyrir deildir sem til skoðunar komu. Yfirfórum jafnframt skjölin m.t.t til innsáttarvillna, forsendna og útreikningsvillna. Engir mismunir eða skekkjur fundust.

Rekstrarreikningur

Tekjur

Skoðaðar voru og staðreynd framlög frá Kópavogsbæ og yfirlita aflað frá bænum. Afstemming við Kópavogsbæ er ekki þægileg vegna leiðréttinga sem Kópavogsbær gerir á styrkjum.

Svör fengust við öllum öðrum fyrirspurnum varðandi tekjur.

Æfingagjöld og aðrar tekjur skoðaðar lauslega með samanburði milli ára og er tekjuöflun í föstum skorðum.

Úrtak var tekið vegna tekna knattspyrnudeildar (við endurskoðun í feb) og kom sú skoðun vel út og án athugasemd, fullnægjandi svör fengust við öllum fyrirspurnum.

Greiningaraðgerðum var beitt á afkomu deilda sem og tekjutegund. Greiningar í flestum tilfellum undir settum þröskuldi og þar sem greiningar dugðu ekki til var kallað eftir yfirlitum eða úrstakskoðun á tekjuliðinn.

Lotun æfingagjalda var skoðuð og er lotun milli ára í samræmi við fyrri ár, samanber yfirferð skammtímaskulda.

Skoðun á tekjum kom í heildina vel og teljum við tekjur rétt metnar.

Gjöld

Tekin voru úrtök úr fylgiskjöllum til skoðunar og reyndust allar færslur í lagi, hvað varðar dagsetningu, fjárhæðir, tilefni bókunar og viðskiptaaðila.

Skoðaðar voru launakeyslur og tekið úrtak af gjald- og skuldfærslu sem og vinnulagi og reyndust launamál í góðum farvegi. Skil til opinberra aðila svo sem launamiðar og fleira var í góðu lagi og án frávika.

Launamiðaskil til RSK voru borin saman við bókhald einstakra deilda (knattspyrnu og aðalstjórn) og reyndust stemma að mestu leyti en verkstakagreiðslur eru dreifaðar á lykla í bókhaldi. Skoðun á launakostnaði, bæði laun og verktakagreiðslur voru í úrtaki okkar og kom sú skoðun vel út.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þau gjöld sem skoðuð voru með úrtaksskönnun og staðreynd.

Samstæða

Farið var yfir uppgjör í samstæðu og innri færslur milli deilda yfirfarnar og reyndust þær í góðu lagi. Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi reyndust í samræmi við uppgjör deilda. Viðskiptareikningar milli aðalstjórnar og deilda sem og tekjur og gjöld innan samstæðu jöfnuð út til að ná fram hreinum tekjum og gjöldum samstæðunnar án viðskipta milli deilda.

Innra eftirlit.

Vegna eðlis og smæðar starfseminnar er erfitt að koma við fullkominni aðgreiningu starfa og verður einhver áhætta viðvarandi vegna þessa. Á móti kemur að einstakir stjórnendur deilda eru flestir mjög hæfir til starfa. Þannig myndast aðhald um fjárhagsleg málefni sem draga verulega úr áhættu. Áætlanagerð deilda skýtur enn frekari stoðum undir aðhald. Verkferlar eru í föstum skoðum. Við höfum reynt að sníða aðgerðir okkar að hugsanlegum veikleikum í innra eftirliti. Skoðað var nýlega upptekið samþykktarferli og kom sú skoðun vel út.

Farið var sérstaklega yfir launamál framkvæmdastjóra og reyndust þau í fullkomnu lagi og í samræmi við starfssamning og kjarasamninga VR.

Tölvumál

Litlar breytingar hafa orðið milli ára varðandi tölvumál. Ný uppfærsla er komin á bókhaldskerfið og er kerfið orðið nútímalegra. Öll kerfi virka vel að sögn.

Skýringar

Ársreikningur knattspyrnudeildar hefur um árabíl verið gerður með ítarlegri hætti en samantekinn ársreikningur allra deilda Breiðabliks. Sá ársreikningur hefur að geyma upplýsingar um forsendur reikningsskila deildarinnar og nauðsynlegar skýringar. Þessu er ekki til að dreifa í samanteknum ársreikningi Breiðabliks. Mælum við með því að við ársreikningagerð ársins 2022 verði bætt við nauðsynlegum skýringum með samanteknum ársreikningi Breiðabliks í samræmi við ársreikning Knattspyrnudeildar.

Virðingarfyllst,



Svavar G. Stefánsson
Endurskoðandi

Samstæða

Rekstrarreikningur 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur:		
Framlög til reksturs mannvirkja	147,781,234	134,380,431
Styrkir frá Kópavogsbæ	11,675,368	12,473,833
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja	547,310,259	501,513,783
Aðrir styrkir og framlög	75,454,160	73,691,683
Leigutekjur	4,708,452	5,643,738
Auglýsingatekjur	29,943,632	27,192,102
Æfingagjöld	233,955,349	211,206,735
Aðrar tekjur	486,687,698	302,774,676
Rekstrartekjur	1,537,516,152	1,268,876,981
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld	599,508,978	509,502,839
Rekstur mannvirkja	10,758,679	15,876,246
Leiga íþróttamannvirkja	547,310,259	501,513,783
Búningar og íþróttaáhöld	17,787,486	24,720,700
Pátttaka í mótum	175,291,267	72,245,803
Önnur gjöld	115,990,532	106,364,824
Afskriftir	7,884,304	8,030,303
Rekstrargjöld	1,474,531,505	1,238,254,498
Hagnaður / (tap) af rekstri án vaxta	62,984,647	30,622,483
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	372,987	423,801
Vaxtagjöld og verðbætur	(1,301,193)	5,595,628
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(928,206)	6,019,429
Hagnaður ársins	62,056,441	36,641,912

Samstæða

Efnahagsreikningur 2021

	2021	2020
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé	228,560,461	184,347,029
Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir	3,510,600	4,779,000
Útistandandi kröfur	85,042,897	40,196,773
Veltufjármunir alls	317,113,958	229,322,802
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir	78,344,137	78,032,073
Óhafnar tekjur	71,313,522	54,590,954
Framkvæmda-og markaðsmálasjóður	5,000,000	0
	154,657,659	132,623,027
Hreint veltufé	162,456,299	96,699,775
Peningaleg staða	162,456,299	96,699,775
Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári	88,838,523	87,902,159
Afskrifað á árinu	(7,884,304)	(8,030,303)
Breyting á árinu	5,666,667	8,966,667
	86,620,886	88,838,523
Eigið fé frá fyrra ári	(185,538,300)	(139,596,388)
Eignfærð leikmannakaup	(1,482,446)	(9,300,000)
Rekstur ársins tap / (hagnaður)	(62,056,441)	(36,641,912)
	(249,077,187)	(185,538,300)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(162,456,299)	(96,699,775)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs	96,699,775	51,694,227
Fjárfesting á árinu	(4,184,221)	333,333
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna	69,940,745	44,672,215
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	162,456,299	96,699,775

Samstæða

Sjóðstreymi 2021

	2021	2020
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	62,056,441	36,641,912
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	7,884,304	8,030,303
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	69,940,745 0	44,672,215
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(44,846,124)	(7,736,690)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	0	0
Birgðir, lækkun (hækkun)	1,268,400	(1,082,000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun) hækkun	22,034,632	6,094,505
Handbært fé frá rekstri	48,397,653	41,948,030
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting / selt á árinu	(4,184,221)	333,333
	(4,184,221)	333,333
Breyting á handbæru fé á árinu	44,213,432	42,281,363
Handbært fé í ársbyrjun	184,347,029	142,065,666
Handbært fé í árslok	228,560,461	184,347,029

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Gerð eru samstæðureikningsskil fyrir aðalstjórn og deildir. Í samstæðuuppgjöri hefur eignum og skuldum og tekjum og gjöldum innan samstæðunnar verið cytt.

Birgðir

2. Birgðir í árslok skiptast í birgðir vöru til endursölu, rekstrarvöru og búninga. Birgðirnar eru staðfestar með talningu og tekið hefur verið hæfilegt tillit til úreltra og gallaðra vara.

Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður

3. Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður í árslok hefur verið færður í rekstrar- og efnahagsreikning.

Útistandandi kröfur

4. Kröfur í árslok nema samtals kr. 85.043 þús. og hafa kröfur í árslok verið færðar niður vegna hugsanlegra vanhalds. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá útistandandi kröfum í efnahagsreikningi.

Innlausn tekna

5. Tekjur ársins eru miðaðar við almanaksárið og eru styrktarsamningar til lengri tíma en eins árs færðir í efnahagsreikning og tekjufærðir samkvæmt ákvæðum samninga eftir því hvenær tekjurnar falla til. Æfingagjöld eru lotuð miðað við áramót í frjálsþróttadeild, körfuknattleiksdeild, knattspyrnadeild og skíðadeild.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð

Vátryggingaverð fasteigna í þús. kr.:

	Vátryggingaverð	Fasteignamat
Smárin, félagsaðstaða	230.350	84.150
Skíðaskáli, 40% eignarhlutdeild	60.800	48.940

7. Sundurliðun einstakra rekstrarliða fylgir rekstrarreikningum deilda.

Rekstrarreikningar deilda árið 2021

	Aðalsjórn	Frjálsar	Hjólreiðar	Karate	Knattspyrna	Kraflýfingar	Karfa	Raflóttir	Skák	Skíði	Sund	Taekwondo	Þríbraut	Leiðrétt milli deilda	Alls 2021
Tekjur	#####	18,748,602	20,936,556	11,734,514	614,558,117	1,642,069	64,109,719	3,550,203	8,425,686	12,795,138	36,170,367	4,707,457	13,892,787	(76,085,076)	1,547,516,152
Gjöld	#####	18,721,895	19,034,226	8,506,084	567,004,807	2,076,368	64,318,953	3,052,536	7,060,810	8,296,036	34,011,485	2,700,241	13,751,265	(76,085,076)	1,484,531,505
Hagnaður / (tap) fyrir vexti	248,138	26,707	1,902,330	3,228,430	47,553,310	(434,299)	(209,234)	497,667	1,364,876	4,499,102	2,158,882	2,007,216	141,522		62,984,647
Fjármagnslöður	159,702	(12)	(3,236)	1,144	(1,029,105)	214	(48,884)	36	(3,428)	(3,165)	(1,196)	1,108	(1,384)		(928,206)
Hagnaður / (tap) ársins	407,840	26,695	1,899,094	3,229,574	46,524,205	(434,085)	(258,118)	497,703	1,361,448	4,495,937	2,157,686	2,008,324	140,138	0	62,056,441

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Ungmennafélagsins Breiðabliks, höfum yfirfarið ársreikninga Aðalstjórnar og deilda fyrir árið 2021.

Við höfum farið yfir stöðu skuldunauta og lánardrottna í árslok 2021, stöðu bankareikninga í árslok, birgðir í árslok, eigna- og fyrningaskrá 2021 og greiðslur til lífeyrissjóða vegna ársins 2021.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að ársreikningur Ungmennafélagsins Breiðabliks fyrir árið 2021 verði samþykktur.

Kópavogi 11-5-2022

Jóhann Geir Harðarson
(rafræn undirritun)

Sigurjón Valdimarsson
(rafræn undirritun)

Aðalstjórn

Rekstrarreikningur 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur:		
Framlög til rekstrar	147,781,234	134,380,431
Styrkir frá Kópavogsbæ	9,767,854	9,598,012
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja	547,310,259	501,513,783
Leigutekjur	1,348,452	1,698,038
Auglýsingatekjur	19,507,019	16,885,990
Aðrar tekjur	86,615,195	71,880,001
Rekstrartekjur	812,330,013	735,956,255
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld	127,033,462	105,839,933
Rekstur mannvirkja	10,758,679	15,876,246
Gjöld vegna afnota íþróttamannvirkja	547,310,259	501,513,783
Endurgreiddir styrkir til deilda	77,670,491	69,392,570
Önnur gjöld	42,315,562	35,933,263
Afskriftir	6,993,422	6,993,421
Rekstrargjöld	812,081,875	735,549,216
Hagnaður af rekstri án vaxta	248,138	407,039
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	304,650	313,717
Vaxtagjöld og verðbætur	(144,948)	(211,141)
Tapaðar viðskiptakröfur	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	159,702	102,576
Hagnaður ársins	407,840	509,615

Aðalstjórn

Efnahagsreikningur 2021

Eignir:

	2021	2020
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé	69,552,605	83,288,049
Birgðir	3,510,600	4,779,000
Útistandandi kröfur	26,897,867	25,410,073
Deildir	0	2,377,369
Veltufjármunir alls	99,961,072	115,854,491

Skammtímaskuldir:

Ýmsar skuldir	15,080,153	18,071,512
Framkvæmda- og markaðsmálasjóður	5,000,000	0
Deildir	33,842,310	59,145,632
	53,922,463	77,217,144
Hreint veltufé	46,038,609	38,637,347

Aðrir efnahagsliðir

Fastafjármunir frá fyrra ári	56,701,667	63,695,088
Afskrifað á árinu	(6,993,422)	(6,993,421)
	49,708,245	56,701,667
Eigið fé frá fyrra ári	(95,339,016)	(94,829,401)
Rekstur ársins, (hagnaður) / tap	(407,840)	(509,615)
	(95,746,856)	(95,339,016)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(46,038,609)	(38,637,347)

Breytingar á peningalegri stöðu

Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs	38,637,347	31,134,311
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna	7,401,262	7,503,036
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	46,038,609	38,637,347

Aðalstjórn

Sjóðstreymi 2021

	2021	2020
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	407,840	509,615
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	6,993,422	6,993,421
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	7,401,262	7,503,036
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(1,487,794)	(15,846,179)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	0	0
Deildir	(22,925,953)	36,379,993
Birgðir, lækkun (hækkun)	1,268,400	(1,082,000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun)	2,008,641	(8,778,579)
Handbært fé frá rekstri	(13,735,444)	18,176,271
Breyting á handbæru fé á árinu	(13,735,444)	18,176,271
Handbært fé í ársbyrjun	83,288,049	65,111,778
Handbært fé í árslok	69,552,605	83,288,049

Sundurliðanir 2021

	2021	2020	2020
Framlög til rekstrar			
Rekstrar og þjónustusamningar	123,488,196		113,078,082
Framlag til viðhalds	3,281,642		1,441,851
Önnur framlög	21,011,396	0	19,860,498
	<u>147,781,234</u>		<u>134,380,431</u>
Styrkir frá Kópavogsbæ			
Iðkendastyrkir	9,767,854		9,598,012
Húsaleigustyrkir	547,310,259		501,513,783
	<u>557,078,113</u>		<u>511,111,795</u>
Leigutekjur			
Salarleiga	1,348,452		1,698,038
	<u>1,348,452</u>		<u>1,698,038</u>
Auglýsingatekjur			
Auglýsingaskilti	19,507,019		16,885,990
	<u>19,507,019</u>		<u>16,885,990</u>
Aðrar tekjur			
Vörusala samkeppnisrekstur	9,485,097		6,634,731
Tekjur vegna íþróttaskóla	11,234,370		7,907,066
Þátttaka deilda í kostnaði	8,414,585		7,952,715
Aðrar tekjur	492,825		0
Fjárafánir	1,042,200	0	13,245,053
Lottó og Getraunir	18,057,759		18,646,836
Önnur framlög	37,888,359		17,493,600
	<u>86,615,195</u>		<u>71,880,001</u>
Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna og þjálfara	102,465,097		84,916,601
Tryggingagjald	6,991,393		6,075,993
Dagpeningar	232,282		0
Lífeyrissjóður	12,766,800		10,678,004
Orlofs- og sjúkrasjóður	1,558,677		1,317,179
Akstur	1,350,600		1,507,500
Áfallið orlof	1,668,613		1,344,656
	<u>127,033,462</u>		<u>105,839,933</u>
Rekstur mannvirkja			
Leiga á íþróttamannvirkjum	547,310,259		501,513,783

Viðhald áhalda og tækja	2,334,102	5,145,192
Hreinlætiskostnaður	1,829,879	2,964,337
Sorphirða	1,067,614	898,575
Öryggisþjónusta	369,665	1,444,607
Tryggingar	327,081	315,552
Annar rekstrarkostnaður	4,830,338	5,107,983
	<u>558,068,938</u>	<u>517,390,029</u>
Til deilda		
Lottó	18,419,040	17,499,796
Getraunir	1,159,130	813,060
Iðkendastyrkir	9,767,854	9,598,012
Aðrir styrkir	48,324,467	41,481,702
	<u>77,670,491</u>	<u>69,392,570</u>
Önnur gjöld		
Vörukaup	7,108,265	4,873,204
Birgðabreyting	1,268,400	(1,082,000)
	<u>8,376,665</u>	<u>3,791,204</u>
Skrifstofukostnaður		
Pappír, prentun og ritföng	245,139	230,638
Reikningsskil	4,108,986	4,650,220
Sími	616,532	533,470
Póstburðargjöld	98,255	297,896
Fréttabréf og auglýsingar	1,632,353	1,028,624
Tölvukostnaður	9,251,554	7,924,346
Funda- og þingkostnaður	362,241	711,393
Námskeið	160,904	171,900
Styrkir	97,200	43,600
Akstur	1,637,928	1,717,459
Annar skrifstofukostnaður	125,414	802,498
	<u>18,336,506</u>	<u>18,112,044</u>
Annar kostnaður		
Gjaldfærð áhöld	54,399	2,163,905
Þjónustugjöld VISA og EURO	95,078	123,467
Gjafir og skemmtanir	0	755,564
Kostnaður við fjáröflun	1,048,140	1,478,766
Fræðslufni	2,965,580	120,000
Annar kostnaður	11,439,194	9,388,313
	<u>15,602,391</u>	<u>14,030,015</u>
	<u>42,315,562</u>	<u>35,933,263</u>

Ársskýrslur deilda

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Ágrip

Annað árið í röð hefur heimsfaraldur Covid 19 nokkur áhrif á starf Frjálsíþróttadeildar. Mótum var frestað og þau felld niður, lítið var um möguleika á keppni erlendis, en sem betur fer þurfti ekki að grípa til þess að fella niður æfingar í stórum stíl líkt og árið áður.

Árið hefur verið gjöfult fyrir frjálsíþróttafólkið okkar. Nokkur íslandsmet féllu í aldursflokkum og Breiðablik tryggði sér titilinn Íslandsmeistari félagsliða utanhúss í flokki 16-17 ára pilta, 16-17 ára stúlkna og 12 ára pilta og innanhúss í þessum sömu aldursflokkum.

Breytingar á skipulagi þjálfunar meistaraflokks settu mark sitt á árið. Þar ber helst að nefna að samstarfi við FH um þjálfun var slitið. Þess í stað var ráðist í að styrkja okkar þjálfaralið með það að markmiði að bjóða upp á bestu mögulegu þjónustuna fyrir Íþróttafólk Breiðabliks.

Árangur Breiðabliks hefur verið að vaxa jafnt og þétt undanfarin ár svo eftir því er tekið innan hreyfingarinnar. Breiðablik hefur það orð á sér að einstök samheldni og vinátta ríki meðal okkar íþróttafólks. Blikum þykir vænt um félagið sitt og það fer ekki á milli mála. Það er mat okkar að það sé ekki síður mikilvægt en að ná góðum árangri á keppnisvellið. Það er markmið okkar að halda áfram að styðja við þessa menningu.

Frjálsar íþróttir þroska einstaklinginn og gefa öllum tækifæri til að ná árangri á sínum forsendum.



Iðkendur Breiðabliks horfa björtum augum fram á veginn og stefna á að ná enn hærra, lengra og hraðar á árinu 2022.

Stjórn

Aðalfundur Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks fór fram í gegnum fjarfundabúnað þann 8. apríl 2021.

Aðalstjórn:
Áslaug Pálsdóttir, formaður

Bergþóra Guðjónsdóttir,
ritari

Elsa Sif Guðmundsdóttir,
gjaldkeri

Geirlaug Geirlaugsdóttir
Hallgrímur Egilsson

Katla Rut Róbertsdóttir
Kluvers

Sara Rut Sigurjónsdóttir

Varastjórn
Kristján Þór
Harðarson
Egill Eiðsson

Stjórn Frjálsíþróttadeildar hefur fundað að lágmarki einu sinni í mánuði en oftast ef þurfa þykir.



Þjálfarar og stefna

Nokkrar breytingar urðu á þjálfaraliði deildarinnar í haust. Arna Stefanía Guðmundsdóttir gekk til liðs við okkur og tók hún að sér sprett- og grindahlaupsþjálfun meistaraflokks. Björg Gunnarsdóttir réði sig einnig til starfa við þjálfun 9.-10. bekkjar.

Yfirþjálfari yngri flokka er Alberto Borges Moreno og sér hann um að skipuleggja þjálfun 6-16 ára barna. Alberto býr yfir yfirgripsmikilli menntun og áralangri reynslu og þekkingu á sviði frjálsíþróttþjálfunar. Hann hefur náð eftirtektarverðum árangri hjá Breiðabliki og stjórnin fór þess á leit við hann að hann leiddi uppbyggingarstarf barna og unglinga hjá félaginu. Auk þess tók Alberto að sér stökkþjálfun meistaraflokks auk fjölþrautþjálfunar.

Þjálfun barna og unglinga byggist á hugmyndafræði Alþjóða frjálsíþróttasambandsins, World Athletics um krakkafrjálsar (e. Kid Athletics) og að frjálsar íþróttir verði kynntar sem úrvals tækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða. Sérhæfing eykst með auknum aldri og þroska iðkenda. Aðstoðarþjálfarar yngri flokka voru Kelvin Adames og Aron Ingi Sævarsson.

Jón Bjarni Bragason er yfirþjálfari meistaraflokks. Jón Bjarni starfaði áður sem styrktarþjálfari og sérgreinaþjálfari í kastgreinum og er hann með menntun

á sviði íþróttافرæða auk mikillar reynslu í þjálfun.

Teymi sérgreinaþjálfara kemur að þjálfun meistaraflokks, þar sem sérhæfing íþróttamanna er mun meiri en hjá yngri iðkendum.

Þjálfarateymi meistaraflokks var eftirfarandi:

Jón Bjarni Bragason- yfirþjálfari og styrktarþjálfun

Arnar Pétursson - langhlaup

Arna Stefanía Guðmundsdóttir - spretthlaup og grindahlaup

Alberto Borges- fjölþraut og stökk

Stefán Ragnar Jónsson - kastgreinar

Iðkendur

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks býr yfir mikilli breidd iðkenda. Árið 2021 voru þeir tæplega 150 talsins allt frá 6 ára börnum upp í fullorðið afreksfólk, en nokkur fjölgun hefur orðið í yngri flokka starfinu milli ára.

Á árinu hleyptum við svo af stokkunum nýjum æfingahóp. Hann er ætlaður 30 ára og eldri með áherslu á skemmtun, heilsu og félagskap. Þar er Ungmennafélagshugsjónin allsráðandi. Þjálfari Hópsins er Egill Eiðsson.

Aðstaða

Aðstöðumálin eru ár eftir ár stærsta áskorun deildarinnar. Innanhúsaðstaðan er óviðunandi á allan hátt. Svæðið er of lítið til að hægt sé að æfa allar greinar frjálsra íþróttar þar. Sambýlið við aðrar

deildir félagsins sem einnig nýta húsið veldur einnig oft ágreiningi, þar sem ekki er nægt geymslupláss í húsinu. Æfingar ólíkra íþróttagreina fara fram á sama tíma í húsinu og þarfir íþróttamannana eru ólíkar hvað varðar hitastig og loftgæði. Auk þess verður ekki unað við það að svæði frjálsíþróttadeildarinnar verði áfram afar berskjaldað fyrir skemmdarverkum og viðkvæmur búnaður óvarinn utan æfingatíma.

Undanfarin ár hefur Meistaraflokkurinn eingöngu stundað þrekæfingar í Fífunni, allar tækniæfingar fara fram í Kaplakrika. Það hefur í för með sér umtalsverðarn leigukostnað og yngri iðkendur fara á mis við mikilvægar fyrirmyndir sem þau annars gætu liðið upp til. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að tryggð iðkenda við félagið sitt minnki þegar félagið getur ekki uppfyllt þarfir þeirra til að stunda sína íþrótt. Staðan er alvarleg og hefur stjórn

Frjálsíþróttadeildar talsverðar áhyggjur af málinu.

Æfingaaðstaðan utanhúss er talsvert betri, en nýtt æfingasvæði deildarinnar hefur gefið góða raun. Auk þess nýtum við Kópavogsvöll til æfinga yfir sumartímann, sérstaklega hjá eldri iðkendum. Völlurinn er mikið notaður af iðkendum margra deilda félagsins og æfingarnar krefjast skipulags svo ekki komi til árekstra. Þegar gervigras var lagt á Kópavogsvöll vorið 2019 höfðu framkvæmdirnar í för með sér talsvert risk á aðstöðu Frjálsíþróttadeildar. Nú þremur árum síðar er ekki enn ekki búið að júka við viðgerðir.

Þó æfingaaðstaða sé góð í Kópavogsdal þá á félagið enn enga keppnisaðstöðu sem stenst kröfur Frjálsíþróttasambands Íslands um Meistaramót. Það er hið versta mál og hefur deildin þegar misst tækifærið til að halda meistaramót Íslands vegna þess. Engu að síður er mögulegt fyrir okkur að halda minni mót, og meistaramót í Fjölþrautum á



undanþágu. Það verður áframhaldandi verkefni deildarinnar að tryggja frjálsíþróttafólki í Kópavogi viðunandi aðstæður og bestu keppnisaðstæður sem völ er á.

Samningur við FH um aðstöðu og þjálfun

Haustið 2020 var gerður tímamótasamningur við Frjálsíþróttadeild FH um afnot af aðstöðunni í innanhúshöllinni í Kaplakrika fyrir meistaraunglingaflokk.. Samhliða því var gerð tilraun með samnýtingu á þjálfurum fyrir meistaraflokk. Fljótlega kom þó í ljós að samningurinn þjónaði ekki hagsmunum Breiðabliks nægilega vel og var því ákveðið að rifta honum að reynslutímabili loknu.

Breiðablik leigir þó áfram aðstöðu í Kaplakrika fyrir bæði meistara- og unglingaflokk.

Árangur

Á árinu fagnaði deildin alls 71 íslandsmeistaratitli. Það voru alls 18 keppendur á öllum aldri sem höfðu titlum, ásamt því að nokkur mótsmet féllu og fimm íslands- og aldursflokkamet. Breiðablik eignaðist 15 íslandsmeistara fullorðinna á árinu. Arnar Pétursson var það atkvæðamestur, en hann varð íslandsmeistari alls 9 sinnum á árinu. Í hlaupum allt frá 1500m hlaupi innanhúss upp í maraþon.



Ingi Rúnar Kristinsson átti góða endurkomu á árinu, en hann tryggði sér íslandsmeistaratitilinn í tugþraut. Auk þess varð hann Íslandsmeistari í langstökki og stangarstökki karla. Irma Gunnarsdóttir var sannkölluð þrístökksdrottning ársins, með íslandsmeistaratitla bæði innan og utanhúss.

Birna Kristín Kristjánsdóttir tryggði sér svo íslandsmeistaratitilinn í langstökki kvenna. Birna Kristín, 18 ára átti svo sannarlega gott ár, en hún kom til baka eftir meiðsli sterkari en nokkru sinni og bætti þrjú Íslandsmet U20 ár árinu. Á RIG tók hún sig til og stökk 6,01 í langstökki sem var nýtt aldursflokkamet. Hún lét þó ekki þar við sitja og á æfingamóti hjá FH 60m grindarhlaupið á 8,67sek sem var einnig nýtt aldursflokkamet. Aðeins nokkrum dögum seinna bætti hún svo um betur á Meistaramóti Íslands í Fjölptrautum, en þá bætti sló hún eigið met þegar hún hljóp á 8,65. Júlía Kristín Jóhannesdóttir, 16 ára var fljót í förum á árinu. Hún sló aldursflokkamet í U18 í 60 metra grindarhlaupi á meistaramóti Íslands í Fjölptrautum á tímanum 8,57. Á meistaramóti Íslands 15-22 ára utanhúss síðastliðið sumar gerði hún sér lítið fyrir og hljóp 100m grindarhlaupið á tímanum 14,28. Það var nýtt aldursflokkamet og tryggði henni einnig keppnisrétt á Evrópumóti 18 ára og yngri sem fram fer í Jerúsalem sumarið 2022. Þegar þessi orð eru skrifuð er hún enn eini Íslendingurinn sem hefur náð lágmarki á mótið.

Arnar Pétursson og Birna Kristín Kristjánsdóttir voru kjörin frjálsíþróttamaður og kona Breiðabliks undir lok árs. Arnar var svo einnig kjörinn Íþróttamaður ársins hjá Breiðabliki og íþróttamaður Kópavogs. Alberto Borges hlaut þjálfarabikarinn á Íþróttahátíð Breiðabliks.

Landsliðsverkefni og úrvalshópur FRÍ

Árið 2021 var erlend mótaþáttaka með allra minnsta mótí vegna heimsfaraldurs Covid 19. Þó voru tvær Blikastúlkur valdar í A- landsliðshóp Íslands. Þær Birna Kristín Kristjánsdóttir og Irma Gunnarsdóttir tóku báðar þátt Evrópubikarkeppni Landsliða í Búlgaríu. Auk þess tók Birna Kristín þátt Bauhaus Junioren Gala í Þýskalandi. Einnig keppti Arnar Pétursson í hálf Marafoni á Maraton de Tenerife í nóvember.

Breiðablik átti ellefu iðkendur í Úrvalshópi FRÍ en í hann eru valin ungmenni sem hafa náð ákveðnum lágmarksárangri í sínum greinum. Afreksfólkið okkar sem náði lágmarkum árið 2021 voru:

Aglá María Kristjánsdóttir
Birna Kristín Kristjánsdóttir
Bjarni Hauksson
Guðjón Dunbar Diaquoi
Júlía Kristín Jóhannesdóttir



Katla Rut Róbertsdóttir Kluvers




Kristófer Daði Brynjarsson
Markús Birgisson
Róbert Elí Árnason
Sigríður Lára Ingibjörnsdóttir
Þorleifur Einar Leifsson

Mótahald

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks tekur að sér margvísleg verkefni tengd íþróttinni. Mótahald er ein helsta tekjulind félagsins. Á árinu 2021 stóð til að Breiðablik yrði framkvæmdaraðili að Bikarkeppni FRÍ. Því miður varð að aflýsa mótinu vegna samkomutakmarkana, en undirbúningur var á lokametrinum þegar svo var komið. Við þetta varð deildin af talsverðum tekjum.

Haldið var vormót fyrir yngstu iðkendur á nýja æfingasvæðinu okkar í júní. Mótið var vel sótt og endaði á uppskeruhátíð og grillveislu fyrir börnin og foreldra þeirra. Vormót Breiðabliks í karla og kvennaflokki var haldið í Maí. Þetta var sterkt mót með mörgum öflugum keppendum og framkvæmdin heppnaðist með ágætum. Í júlí hélt Breiðablik svo Meistaramót Íslands í Fjölpbrautum og samhliða því Meistaramót Íslands í 10.000m hlaupi á braut.

Auk þess að skapa tekjur hefur mótahald mikið félagslegt gildi og hristir hópinn saman. Það er stefna



deildarinnar að auka mótahald á árinu 2022.

Það er ljóst að starf deildarinnar gengi ekki upp nema með aðkomu þeirra fjölda sjálfboðaliða sem alltaf eru tilbúnir til þess að leggja sitt af mörkum og aðstoða við mótahald.

Önnur verkefni

Frjálsíþróttadeildin tók sér ýmislegt fyrir hendur sem ekki tengist mótahaldi.

Í mars þegar ljóst var að ekkert yrði af Bikarkeppni FRÍ og tekjur deildarinnar af því móti gufuðu upp, brugðum við á

Það ráð að bjóða upp á páskaeggjapingó í gegnum fjarfundabúnað. Þátttaka var nokkuð góð og bætti hagnaðurinn að einhverju leiti upp tekjutapið.

Á Uppstignardag var Brekkuhlaup Breiðabliks haldið í fyrsta sinn. Hlaupið er samstarfsverkefni



Frjálsíþróttadeildar og Hlaupahóps Breiðabliks. Um er að ræða rúmlegar 15 km götuhlaup þar sem hlaupar fá að takast á við allar helstu brekkur Kópavogs. Hlaupið þykir mikil áskorun og er skemmtileg viðbót í hlaupaflóru landsins. Því miður varð hlaupið minna en til stóð, vegna sóttvarna. En þeir 70 þátttakendur sem mættu til leiks voru ánægðir með hlaupið og við höfum fulla trú á að það vaxi með tímanum. Arnar Pétursson og Jóhanna Ólafsdóttir sigruðu Brekkuhlaupið árið 2021.

Á þjóðahátíðardaginn héldum við hlaup fyrir börn bæjarins líkt og undanfarin ár. Hlaupið er hluti af hátíðardagskrá Kópavogsbæjar og var einkar vel sótt þetta árið og mikil ánægja með framkvæmdina. Þá hafði deildin veg og vanda af bílastæðavörslu við Fífuna á kjördag í alþingiskosningunum síðastliðið haust eins og venja er.



Hjartadagshlaupið var haldið að nýju eftir að hafa fallið niður árið 2020 vegna faraldursins. Í ár voru keppendum um 350 talsins og Forseti Íslands var þar á meðal. Sigurvegarar Hjartadagshlaupsins voru Sigrún Sigurðardóttir og Arnar Pétursson.

Í nóvember bauð deildin iðkendum og aðstandendum þeirra upp á fræðslufyrirlestur með Ásdísi Hjálmsdóttur, spjótkastara og Ólympíufara. Fyrirlesturinn var vel sóttur og Ásdís veitti góðan innblástur og fræðslu um hugarfar í æfingum og keppni.

Heiðursveitingar

Á aðalfundi Breiðabliks 6. maí voru Geirlaug, Kristján, Smári og Laufey fengu Silfurmerki Breiðabliks. Voru þau Kristján Sigurgeirsson, Geirlaug Geirlaugsdóttir, Smári Björnsson og Laufey Stefánsdóttir sæmd silfurmerki Breiðabliks fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Alberto Borges var heiðraður með þjálfarabikarnum á Uppskeruhátíð Breiðabliks, og á þeirri sömu hátíð var Arnar Pétursson kjörinn Íþróttamaður Breiðabliks annað árið í röð. Daginn eftir var hann svo einnig kjörinn Íþróttamaður Kópavogs.

Viðauki- Breiðabliks 2021

Á árinu fagnaði deildin alls 63 Íslandsmeistaratitlum. Það voru Alls 15 keppendur á öllum aldri sem hömpuðu titlum, ásamt því að nokkur mótsmet féllu og fimm Íslandsmet.

Breiðablik eignaðist 15 Íslandsmeistara fullorðinna á

árinu. Arnar Pétursson var það atkvæðamestur, en hann varð Íslandsmeistari alls 9 sinnum á árinu. Í hlaupum allt frá 1500m hlaupi innanhúss upp í maraþon.

Íslandsmeistarar

Ingi Rúnar Kristinsson átti góða endurkomu á árinu, en hann tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í Tugbraut. Auk þess varð hann Íslandsmeistari í Langstökki og Stangarstökki karla.

Irma Gunnarsdóttir var sannkölluð þrístökkdrottning ársins, með Íslandsmeistaratitla bæði innan og utanhúss.

Birna Kristín Kristjánsdóttir tryggði sér svo Íslandsmeistaratitilinn í langstökki kvenna. Birna Kristín Kristjánsdóttir tryggði sér svo Íslandsmeistaratitilinn í langstökki kvenna.

Birna Kristín, 18 ára átti svo sannarlega gott ár, en hún kom til baka eftir meiðsli sterkari en nokkru sinni og bætti þrjú Íslandsmet U20 ár árinu. Á RIG tók hún sig til og stökk 6,01 í langstökki sem var



nýtt aldursflokkamet. Hún lét þó ekki þar við sitja og á æfingamóti hjá FH 60m grindarhlaupið á 8,67sek sem var einnig nýtt aldursflokkamet. Aðeins nokkrum dögum seinna bætti hún svo um betur á Meistaramóti Íslands í Fjölþrautum, en þá bætti slóg hún eigið met þegar hún hljóp á 8,65

Júlía Kristín Jóhannesdóttir, 16 ára var fljót í förum á árinu. Hún sló aldursflokkamet í U18 í 60 metra grindarhlaupi á meistaramóti Íslands í Fjölþrautum á tímanum 8,57. Á meistaramóti Íslands 15-22 ára utanhúss síðastliðið sumar gerði hún sér lítið fyrir og hljóp 100m grindarhlaupið á tímanum 14,28. Það var nýtt aldursflokkamet og tryggði henni einnig keppnisrétt á Evrópumóti 18 ára og yngri sem fram fer í Jerúsalem sumarið 2022. Þegar þessi orð eru skrifuð er hún enn eini Íslendingurinn sem hefur náð lágmarki á mótið.

Nafn	Grein	Árangur
Agla María Kristjánsdóttir	200m inni (S18-19)	26,44 sek
	Þrístökk inni (S18-19)	11,09m
Arnar Pétursson	1500m innanhúss	4:06,10 mín
	10.000m úti	32,44 mín
	5000m úti	15:28 mín
	3000m hindrun	9:41 mín
	5km götuhlaup	15:23 mín
	10km götuhlaup	7:53 mín
	Marabon	2:51,47 klst.
	Víðavangshlaup	15:23 mín
	3000m inni	8:48,03 mín
Birna Kristín Kristjánsdóttir Birna Kristín Kristjánsdóttir	Langstökk inni (S18-19)	6,01m
	Fimmtarþraut inni (S18-19)	3114 stig
	60m inni(S18-19)	7,82 sek
	60m grindarhlaup inni(S18-19)	8,76 sek
	Langstökk inni(S18-19)	6,08m
	Langstökk úti (Kvenna)	5,80m
Bjarney Hermannsdóttir	Kúluvarp úti (S13)	11,64m
	Spjót kast úti (S13)	31,72m
	Kúluvarp (S13)	11,35m
Bjarni Hauksson	Kúluvarp úti (P16-17)	13,18m

	Kringlukast úti (P16-17)	39,85m
Bryndís María Jónsdóttir	Langstökk (S11)	4,30m
Guðjón Dunbar Diaquoi	Þristökk inni (P16-17)	12,17m
	400m grind úti (P16-17)	62:79 sek
	Þristökk úti(P16-17)	12,54m
	Spjót kast (P16-17)	42,81 m
Haukur Bragi Fjalarsson	1500m úti (P15)	6:07,54 mín
Ingi Rúnar Kristinsson	Stangarstökk úti	4,22m
	Langstökk úti	6,34m
	Tugbraut úti	6511 Stig
Irma Gunnarsdóttir	Þristökk	12,66m
	Þristökk úti	12,89m
Jón Bjarni Bragason	Kúluvarp (K50-54)	13,78m
	Kringlukast (K50-54)	50,68m
	Sleggjukast (K50-54)	50,37m
	Lóðkast(K50-54)	18,70
Júlía Kristín Jóhannesdóttir	60m grindarhlaup inni(S16-17)	8,57 sek
	fimmtarbraut inni (S16-17)	3323 Stig
	60m inni (S16-17)	7,93 sek
	60m grind inni (S16-17)	8,70 sek
	Langstökk inni (S16-17)	5,41m
	100m úti (S16-17)	12,29 sek
	200m úti (S16-17)	25,80 sek
	100m grindarhlaup úti (S16-17)	14,28 sek
	Langstökk úti (S16-17)	5,45m
	Sjöbraut úti (S16-17)	4511 Stig
Magnús Björnsson	Spjót kast (K50-54)	33,97m
Markús Birgisson	Hástökk inni (P16-17)	1,84m
	Langstökk inni (P16-17)	6,27m
	110m grindarhlaup úti (P16-17)	16:37 sek
	Stangarstökk úti(P16-17)	3,10m
	Tugbraut úti (P16-17)	5497 stig
Patrekur Ómar Haraldsson	600m (P12)	1:47,59 mín
	600m úti (P12)	1:45,16 mín
Sindri Dagur Sigurðsson	1500m inni (P16-17)	4:34,13
	3000m úti (P16-17)	10:00,06
Stefán Ragnar Jónsson	Sleggjukast (K40-44)	34,05m
	Kringlukast (K40-44)	38,07
	Lóðkast(K40-44)	10,19
Þorleifur Einar Leifsson	Sjöbraut inni (P16-17)	4523 stig
	60m grindarhlaup inni (P16-17)	8,54 sek
	stangarstökk inni (P16-17)	3,80m
	Kúluvarp inni (P16-17)	13,24m
Sveit Breiðabliks	4x200m boðhlaup inni (S16-17)	1:49,14
Sveit Breiðabliks	4x200m boðhlaup inni (P12)	2:08, 89
Sveit Breiðabliks	4x100m boðhlaup úti(S16-17)	51:90,00
Sveit Breiðabliks	4x100m boðhlaup úti (P12)	58:19:00

Ársskýrsla Hjólreiðadeildar Breiðabliks

Hjólreiðadeildin er nú sex ára og hefur þar af þraukað tvö löng Covid-ár. Þegar við hittumst akkúrat fyrir ári síðan voru 50 manna samkomutakmarkanir og takmarkanir á gestafjölda í Sporthúsinu. Krossum fingur og vonum að nú sé leiðin bara upp á við, þótt margir félagsmenn berjist við eftirköst veirunnar. Á starfsári sínu hélt stjórnin 14 formlega fundi, auk annars óformlegs samráðs um alls konar í starfi deildarinnar.

Undanfarið ár hefur Ingvar Júlíus Tryggvason verið fulltrúi okkar í mótanefnd Hjólreiðasambands Íslands. Hann hefur nú beðist lausnar og verður undir liðnum önnur mál óskað eftir arftaka hans því hann hefur beðist lausnar. Er honum þökkuð góð störf í þágu nefndarinnar.

Að vanda tókst okkur að halda úti sumarnámskeiðum með Breiðablik fyrir börnin sem Natalía Cassata sá um. Við vorum einnig með fjallahjólæfingar fyrir unga fólkið sem Elsa María hafði umsjón með ásamt Natalíu og Ingvari Ómars.

Keppnishóparnir okkar stóðu sig vel síðastliðið ár, með Gumma Sveins og Kittu Daða sem forsprakka. Þar sem ekkert varð af Calpe 2021 fóru unglingarnir í æfingabúðir í Borgarnes 24. og 25. apríl og sömu helgi fór keppnishópur strákanna á Snæfellsnes í sama tilgangi. Keppnishópur stelpnanna fór svo í æfingabúðir í Borgarnes, þar sem er best að vera, dagana 15. og 16. maí. Þá hafa hóparnir einnig verið hristir saman með ýmsum



hætti, eins og aukaæfingu á föstudegi þar sem Jón Ingi hefur bakkað upp liðið með mögnuðum dídjei tilþrifum. Þá skapaðst góð stemning á Akureyri í sumar á hjólavíkunni

þegar keppnishópur stelpna fjölmennti norður.

Mótanefndin setti í sjötta gir og stóð fyrir fjórum frábærum mótum fyrir deildina ásamt ótrúlega öflugum sjálfboðaliðum. Fyrsta mótið, vortíma-takan, var á kunnuglegum slóðum, á Vatnsleysustrandarvegi 6. maí. Mánuði síðar eða 5. júní

héldum við götuhjól-amót á Snæfellsnesi. Svo héldum við í fyrsta skipti gravel-mótið Grefilinn 15. ágúst í Borgarfirði. Loks endaði mótanefndin á að halda fjallahjólamót í Guðmundarlundi 29. ágúst. Hvert mótið toppaði hið fyrra og nú er svo komið að það seldist upp í Grefilinn á nokkrum klukkutímum og biðlisti er inn á mótið í sumar.

Þá verð ég að fá að geta þess að félagsmenn lögðu á sig ómælda vinnu með skóflur og spæni og alls konar verkfæri og lögðu nýja fjallahjólbraut í Guðmundarlundi sem vakti mikla lukku. Andri, Elvar, Steinar og allir hinir sem lögðu hönd á plóg, kærar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar.

Við héldum stórglæsilega uppskeruhátíð í lok október (29.) – takk sjálfboðaliðar sem rigguðu upp fáránlega flottu kvöldi í Guðmundarlundi – og þar voru útnefnd efnilegasta hjólreiðafólkið, Natalía Erla Cassata og Helgi Valur Wedholm Gunnarsson, og hjólreiðafólk ársins hjá Breiðablik, þau Elín Kolfinna Árnadóttir og Ingvar Ómarsson, en í

desember var Ingvar útnefndur hjólreiðamaður ársins af HRÍ 8. árið í röð. Á uppskeruhátíðinni verðlaunuðum við bikarmeistara og sigurvegara á Íslandsmóti í ýmsum greinum og væri langt mál að endurtaka það hér. En til hamingju öll aftur með afrekin ykkar. Aðrir viðburðir og starfsemi sem deildin hefur komið að í ár eru:

- Hugarflugsfundir með félagsmönnum og keppnishópum í ágúst (16. og 18.) um starfið í deildinni.
- Tókum þátt í Hjóladeginum í Kópavogi 29. maí sem fram fór á túninu við Salinn.
- Buðum þjálfurum og stjórn upp á skyndihjálparnámskeið 31. maí. Þess má geta að í vetur tóku nokkrir þjálfararnir okkar fyrsta stigið af UCI þjálfaranámi, en eins og allir vita stendur UCI fyrir Alþjóðahjólreiðasambandið.
- Héldum árleg grill í Guðmundarlundi 8. júlí.
- Tókum þátt í formannafundum HRÍ og þingum, auk þess sátum við ýmsa fundi með Breiðablik.
- Héldum umræðufund um drög að nýjum keppnisreglum HRÍ 21. feb.
- Haldnir voru tæknifundir fyrir og eftir áramót þar sem farið var yfir TrainingPeaks, Garmin, Zwift og hjólin og hvernig tengja á allt saman.
- Lögðum inn pöntun fyrir Wattie fötum sem fer vonandi að styttast
- TRI gaf okkur óseld föt og var öllum félagsmönnum undir þritugu boðið að koma og ná sér í föt.
- Deildin fékk loksins fína geymslu án endurgjalds.
- Og við settum reglur um störf mótanefndar.

Á íþróttahátíð Breiðabliks sem haldin var 12. janúar var hjólreiðafólkið okkar, Ingvar og Elín Kolfinna, verðlaunað og auk þess vorum við útnefnd deild ársins, í annað skiptið á sex ára starfsferli okkar, sem er alveg magnað.

Síðasta haust byrjuðum við að skipuleggja Calpe-ferð sem útlit er fyrir að verði af, fyrri ferðin er 26. mars og hin er 2. apríl. Aðalbjörn, mátt standa upp (ef hann er í salnum, annars hafa mynd?), verður fararstjóri og fara alls eitthvað um 70 manns út. Þetta verður eitthvað!

Í vetur höfum við verið með 14-15 tíma inni, og félagsmenn eru 215, þar af um 170 með kort í Sporthúsinu. Þjálfararnir eru 15 en hafa verið misvirkir út af covid og öðrum ástæðum. Stefnan er að fjölga konum í þeim hópi en það hallar um of á þær í þjálfarahópnum.

Ekki má heldur gleyma að Henning var með styrktaræfingar fyrir okkur í haust, og er aldrei að vita hvað við gerum með það næsta vetur. Júlíana hefur svo verið með sjóðheita lavender-flex-tíma á miðvikudögum sem eru oftast fullir.

Að lokum upplýsist hér með að ég mun ekki gefa kost á mér í hlutverk formanns næsta starfsárið. Ástæðan er einfaldlega sú að síðustu tvö ár hafa verið erfið, bæði í vinnu og einkalífi, og ég þarf að gefa sjálfri mér og mínum nánustu meiri tíma. Ég verð samt ekki langt undan. Kæru félagar, takk fyrir að mæta á aðalfund og takk fyrir að æfa með okkur, því án ykkar höfum við í stjórninni engan tilgang.

Þið eruð best!
formaður
Hjólreiðadeildar,
María Sæm



Ársskýrsla Karatedeildar Breiðabliks



Samantekt

Í stjórn deildarinnar 2021 voru Sigbór Samúelsson, formaður, Gaukur Garðarsson, ritari, Auður Ester Guðlaugsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur Arnar Laufdal Ólafsson og Helgi Jóhannesson. Stjórnarfundir voru haldnir eins og þurfa þótti og verkaskipting var með ágætum.

Vorönn hófst 11. Janúar og stundataflan nokkuð viðameiri en áður meðal annars til að koma til móts við æfingar sem féllu niður vegna covid önninni áður. Ekki var mikið um nýliðun og brottfallið nokkuð á vorönn.

RIG21 fór fram 31. Janúar og í þetta skiptið voru engir áhrofundur leifðir.

Við gerðum nokkuð gott mót og árangurin 2 gull, 2 silfur og 5 brons. Tómas Pálmar með gull í bæði senior og junior flokkum.

KAÍ felldi niður öll mót frá 2020 meðal annars vegna aðstæðna.

Fyrsta bikarmótið 2021 var þó haldið 27 febrúar og Grandprix 9. Mars og Blikar náðu fínnum árangri á báðum mótum.

Allt íþróttastarf var svo lagt niður 25. Mars til 14. Apríl og tókum við upp kunnulegar aðferðir með fjarkennslu og hvöttum iðkendur til þess að horfa á myndböndin sem þjálfarar okkar voru búnir að gera af myndarskap.

Íslandsmótið í kata barna og unglinga var svo haldið í Smáranum hjá okkur 15. Og 16. Maí. Mótið fór vel fram og árangurinn 3 gull, 5 silfur og 7 brons í heildina og annað sætið þegar heildarárangur á unglingamótinu er metinn.

Íslandsmót fullorðinna í kata fór fram í 29. Maí í íþróttahúsi Menntasviðs HÍ. Tómas Pálmar Tómasson átti mjög góðan dag, varði Íslandsmeistaratilil í liðakeppni karla frá 2020 ásamt liðsfélögum sínum þeim Tómasi Aroni Gíslasyni og Samúel Tý Sigbórssyni McClure. Tómas Pálmar keppti einnig til úrslita í kata karla en tapaði og hlaut því silfur í þeim flokki. Breiðablik var einnig í öðru sæti þegar heildarárangur var metinn.

Vorgráðun í beinu streymi 30. Maí enda engir áhrofundur leyfðir. Að þessu sinni



fóru 95 í gegnum gráðun og vorönni þar með lokið.

Tómas Pálmar keppti með landsliðinu á Evrópumóti ungmenna sem haldið var í Tampere Finnlandi 20-22 ágúst og gerði sér lítið fyrir og hafnaði í 6 sæti. Haustönnin hófst 22. Ágúst og ljóst að brottfall hafi verið þó nokkuð frá vorönn. Nýliðun var þokkaleg. Við vorum með skemmtilegt innanfélagsmót í lok september og fórum svo norður til Akureyrar að keppa á Grandprix móti KAÍ og árangurinn þar gull, tvö silfur og 6 brons.



Shotokansamband Íslands var svo með æfingarbúðir í október í Smáranum með Richard Amos sensai. Samúel Týr, Hákon Garðar og Róbert Dennis stóðust shodan og Aron Breki Nidan.

Í nóvember var Norðurlandameistarmót í kata haldið í Stavanger í Noregi. Helgi Jóhanesson dæmdi á mótinu, Tómas Pálmar keppti í kata og stóð sig vel að venju. Móey María og liðsfélagar hennar þær Krístrún frá KAK og Freyja frá Þórshamri gerður sér lítið fyrir og sigruðu í liðakeppni og eru þar af leiðandi Norðurlandameistarar. Uppskeruhátið KAÍ var haldin hjá oikkur í Smáranum eftir þriðja og síðasta bikarmótið. Á mótinu voru veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur á

árinu og fengu eftirfarandi Blikar verðlaun:

- Móey María Sigþórsdóttir McClure, brons í kata kvenna.
- Tómas Pálmar Tómasson, gull í kata 16-17 ára pílta.
- Samúel Týr Sigþórsson silfur í kata 16-17 ára pílta.
- Birgir Gauti Kristjánsson, bronz í Kata 14-15 ára pílta.
- Elísabet Inga Helgadóttir, bronz í kata 14-15 ára stúlkna.
- Arey Amalía Sigþórsdóttir McClure, brons í kata 13 ára stúlkna og kumite 13 ára stúlkna.
- Arna Kristín Arnarsdóttir, silfur í kata 12 ára stúlkna.
- Gabríela Ora Gutraiman, brons í kata 12 ára stúlkna.

Það eru mörg verkefni framundan og mikilvægt að halda áfram að hlúa að meginstöðum deildarinnar – iðkendum, þjálfurum, aðstöðu og þátttöku foreldra. Brottfall og lakari nýliðun hefur ákveðna keðjuverkum upp í eldri flokka og mikilvægt að huga enn betur að því. f.h. stjórnar


Sigþór Samúelsson, formaður.



Fjárhagsleg staða

Hér fyrir neðan má sjá uppgjör 2014 – 2020 hjá deildinni og svo graf sem sýnir það sama:

		2021.Á	2021 1/2	2020	2020V	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Rekstrartekjur:											
Framlög og styrkir*	Kr.	3,765,703	1,986,972	2,373,434	1,234,610	1,623,974	1,029,789	994,672	438,631	675,306	826,442
Styrkir frá Kópavogsbæ*	-	532,302	581,361	524,815		646,124	478,759	585,776	402,213	441,210	703,780
Húsa- og vallaaleigutekjur*	-	0	0			71,550	0	0	0		0
Tekjur af mótum*	-	0	0			0	0	78,550	45,000	164,200	167,500
Æfingagjöld*	-	6,327,851	2,099,359	6,266,178	1,530,656	8,019,758	6,509,461	4,286,195	3,608,896	4,278,099	4,893,971
Aðrar tekjur*	-	1,108,658	0	795,880	346,997	1,370,955	1,041,720	1,072,478	1,730,594	709,433	1,001,386
Deildir*	-	0	0			0	0	0	0	0	0
Rekstrartekjur	Kr.	11,734,514	4,667,892	9,960,307	3,112,263	11,732,361	9,059,729	7,017,671	6,225,334	6,268,248	7,593,079
Rekstrargjöld:											
Kostnaður við hjálfun*	Kr.	5,652,147	3,952,535	5,473,257	2,954,318	5,327,150	3,132,161	2,745,399	3,289,471	3,795,437	4,523,250
Búningar og íþróttahöld*	-	314,706	254,178	2,315,053	489,836	989,769	981,984	54,283	373,029	64,121	84,700
Þátttaka í mótum*	-	537,000	451,000	265,285	221,785	1,396,005	1,682,946	94,495	373,141	1,670,837	2,421,458
Kostnaður vegna mótahalds*	-	565,300	146,300	141,000	119,800	992,118	1,253,479	974,297	1,460,830	1,080,950	343,440
Þátttaka í skrifstofuhaldi*	-	355,541	215,541	706,202	46,622	484,119	673,877	561,984	520,388	495,291	615,048
Önnur gjöld*	-	1,081,390	527,237	1,281,525	316,169	983,197	839,653	801,753	608,827	504,935	1,123,743
Rekstrargjöld	Kr.	8,506,084	5,546,791	10,182,322	4,148,530	10,172,358	8,564,100	5,232,211	6,625,686	7,611,571	9,111,639
(Tap)/hagnaður af rekstri án vaxta*	Kr.	3,228,430	(878,899)	(222,015)	(1,036,267)	1,560,003	495,629	1,785,460	(400,352)	(1,343,323)	(1,518,560)
Æfingagjöld vs hjálfun		675,704		792,921		2,692,608	3,377,300	1,540,796	319,425	482,662	370,721
Æfingagjöld vs gjöld		(2,178,233)		(3,916,144)		(2,152,600)	(2,054,639)	(946,016)	(3,016,790)	(3,333,472)	(4,217,668)

**Iðkendur**

Framboð af sambærilegum sem og öðrum íþróttagreinum er töluvert. Við höfum auglýst í hverfisblöðum og samfélagsmiðlum. Nýliðun hefur gengið vel undanfarin ár bæði á haustönn og vorönn.


Karateskóli og börn byrjendur - tiltölulega fáir úr þessum hópum sem skila sér inn í barnaflokkana.

Aðstaða


Margir flokkar orðnir mjög stórir og takmarkað hvernig við getum unnið úr því í núverandi aðstöðu og má rekja ákveðinn hluta brottfalls til aðstöðunnar.

- Unglingsárin – vel þekkt að hluti hættir á unglingsárunum.
- Brottfall á haustönn 2020 var mjög mikið og mest í unglingshópnum.

Iðkendur - þróun



Iðkendur - brottfall



Námskeið

Að venju var karatedeildin með sumarnámskeið og gekk það þokkalega. Móey María Sigþórsdóttir McClure sá um það námskeið. Stefnun á að halda sumarnámskeið i samstarfi við Kópavogsbæ núna í sumar.

Einnig fór fram hefðbundin kennsla í öllum flokkum yfir sumartímann.

Þjálfarar

Við fjölguðum þjálfurum á árinu og höfum við áfram yfir góðum og vel menntuðum hópi þjálfara að skipa.

- Vilhjálmur Þór Þóruson, yfirþjálfari, 3.dan og Kenshusei
- Svana Katla Þorsteinsdóttir, 2.dan
- Móey María Sigþórsdóttir McClure, 1.dan
- Jóhanne Felix Jóhannesson 1. dan
- Guðbjörg Birta Sigurðardóttir 1. dan

- Natalía Ýr Hjaltadóttir
1. dan
- Magnús Eyjólfsson, 2
dan
- Hlynur Bjarnason, 1.
dan
- Tómas Aron Gíslason,
1. dan
- Tómas Pálmar
Tómasson, 1. Dan
- Aron Breki Heiðarsson,
2. dan

Skiptir sköpum að byggja upp góðan kjarna af þjálfurum því framundan eru áskoranir sem fylgja fjölgun iðkenda og ört stækkandi flokkum.

Virðingarfyllst,
Sigþór Samúelsson
Formaður



Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Góðir fundarmenn!

Hratt flýgur stund og enn á ný er komið að aðalfundi knattspyrnudeildar Breiðabliks – að þessu sinni á því herrans ári 2021. Árið hefur verið viðburðaríkt sem endranær þegar fjallað er um starfsemi knattspyrnudeildarinnar. Árangur liða okkar á knattspyrnuvöllum innan lands sem utan var virkilega góður síðastliðið keppnistímabil. Vart telst til tíðinda lengur að Íslandsmeistaratitlar vinnist í unnvörpum hér á þessum bæ í yngri flokkum drengja og stúlkna. Sú varð vissulega raunin í ár – en gróskan heilt yfir í starfi yngri flokkanna er mikil en okkur telst til að iðkendafjöldinn þar sé kominn yfir 1600 einstaklinga – þ.e. iðkendur undir 18 ára aldri.

Árangur meistaraflokka Breiðabliks í knattspyrnu var líka virkilega góður í ár. Meistaraflokkur kvenna tryggði sér þátttökurétt í meistaradeild Evrópu, fyrst íslenskra liða. Sá árangur er í raun ótrúlegur og einsdæmi í íslenskri knattspyrnusögu. Fyrir okkur

stuðningsmenn Blika er það draumi líkast að fá að fylgjast með liðinu í keppni við bestu félagslið heims nú langt fram eftir vetri. Þá streymir þátttakan ómetanlegri reynslu og þekkingu inn í félagið í heild og hjálpar því að komast á næsta stig. Einnig unnu stelpurnar okkar Mjólkurbikar KSÍ auk þess sem þær urðu í öðru sæti á Íslandsmótinu.

Meistaraflokkur karla átti líka mjög gott tímabil. Liðið var hársbreidd frá því að sigra Íslandsmótið en endaði að lokum í öðru sæti. Árangur liðsins í Evrópukeppninni var einnig góður þar sem það féll út í þriðju umferð gegn sterku atvinnumannaliði Aberdeen. Líkt og tilfelli stelpnanna þá er það mín skoðun að reynslan af þátttöku karlaliðsins í Evrópukeppninni muni nýtast félaginu gríðarlega



vel á næstu árum.

Mér er hér tíðrætt um reynslu og þekkingu af þátttöku í alþjóðlegu keppnum. Þá á ég ekki bara við reynslu og þekkingu leikmanna, þjálfara og annarra sem koma beint að málum innan vallar. Ég á einnig við allan þann fjölda einstaklinga sem koma að starfinu á annan hátt, ekki síst sjálfboðaliða í stjórnnum og starfsmenn sem fá reynslu af að starfa í krefjandi alþjóðlegu umhverfi. Allt eru þetta skref til að efla innviði Breiðabliks sem knattspyrnufélags til lengri tíma og festa það í sessi sem eitt af flaggskipum íslenskrar knattspyrnu.

Því öll vitum við að félag með veika innviði, óskýra stefnu og litla fjárhagslega burði komast ekki langt í samkeppni við aðra. Undanfarin ár hafa þessir þættir verið ofarlega í umræðunni við stjórnarborðið og flestar ákvarðanir á einhvern hátt teknar út frá þeim. Ég ætla ekki að fjalla hér sérstaklega um fjárhagslega stöðu deildarinnar, sem teljast verður sterk, það verður tekið fyrir síðar. En síðustu mánuði höfum við nýtt vel til rýnis á starfslýsingum og stjórnskipulagi deildarinnar.

Aðstöðumál félagsins eru líka innviðamál og sífellt í umræðunni. Þótt að ýmislegt hafi gott verið gert í bæjarfélaginu í aðstöðumálum í gegnum árin þá erum við fljót að síga aftur úr ef við höldum okkur ekki við efnið. Iðkendum fjölgar stöðugt, kröfurnar aukast og umhverfið er í sífelldri þróun. Gott dæmi um það er að okkur skuli ekki auðnast að nota okkar eigin heimavöll vandræðalaust í Evrópukeppnum þegar hausta tekur – þrátt fyrir það að völlurinn sé einungis þriggja ára gamall. Stafar það af ófullnægjandi lýsingu. Kópavogsbær er okkar samstarfsaðili þegar kemur að

þessum málum og þar á bæ hefur reynst til staðar mikill samstarfsvilji í ljósamálinu. En ég óska eftir meiri skilningi á fleiri sviðum aðstöðumála fyrir okkur í knattspyrnunni. Efst á blaði þar er að fjölga gervigrasvöllum til æfinga vestan við Fífuna líkt og vilji félagsins hefur staðið til í langan tíma.

Mig langar til að fara þess á leit við fundinn að hann komi á framfæri áskorun til bæjaryfirvalda um tafarlaugar úrbætur í þessu máli.

Ágætu fundarmenn,

Líkt og fram hefur komið í aðdraganda fundarins þá tók ég þá ákvörðun fyrir nokkru að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu í formannsstöli

knattspyrnudeildar. Fyrir því eru ýmsar ástæður, flestar persónulegar. Ferill minn sem sjálfboðaliði innan félagsins stappar nú nærri tíu árum – fyrst sem formaður aðalstjórnar í sex ár og síðar formaður knattspyrnudeildar í nærri fjögur ár. Ég er sáttur við þau verk sem ég hef komið að í þessum tveimur embættum. Ég er líka eindregið þeirrar skoðunar að

best sé að hverfa frá borði þegar vel árar og mögulega sé til staðar einhver eftirsjá eftir manni. Við slíkar aðstæður er líka auðveldara fyrir nýja/aðra einstaklinga að koma inn og taka við flagginu. Að mínu mati eru þessar aðstæður uppi í félaginu í dag og held ég því glaður á braut á vit nýrra verkefna.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem ég hef starfað með innan félagsins undanfarin ár fyrir frábæra vinnu og góð kynni. Ég hef stundum sagt að í góðum kynnum, félagsskap og vinskapa, séu fólgin laun okkar sjálfboðaliðanna sem fáum ekki greitt fyrir vinnu okkar í krónum og aurum.



Samferðafólki mínu í stjórn vil ég þakka sérstaklega. Þessi hópur er samheldinn og þar ríkir mikið traust á milli fólks. Hópurinn hélst óbreyttur allan þann tíma sem ég veitti honum forstöðu sem vonandi er vitnisburður um það að starfið hafi verið gefandi og skemmtilegt. Starfsmönnum vil ég líka

senda kveðju héðan úr ræðustóli. Þar um borð er einvala lið sem vinnur óeigingjarnt starf í þágu Breiðabliks á hverjum degi.

Að því sögðu ætla ég að ljúka máli mínu hér í dag og þakka fyrir mig.

Góðar stundir og áfram Breiðablik.

Orri Hlöðversson

Ársskýrsla Kraftlyftingadeildar Breiðabliks

Inngangur

Heimsfaraldurinn hélt áfram að hafa einhver áhrif á starf kraftlyftingadeildarinnar, en iðkendum hefur tekist að aðlaga æfingar og keppnisupptækingu að þeim takmörkunum sem voru við lýði hverju sinni.

Hér á eftir verður rakið í stuttu máli það sem hæst bar hjá kraftlyftingadeild Breiðabliks á árinu 2021.



Árangur á mótum og mótahald

Á árinu máttu Blikar fagna góðum árangri á mótum innanlands sem utan.

Janúar

Blikar voru sigursælir í klassískum kraftlyftingum á Reykjavíkurlækingunum sem fór fram í Sporthúsinu. Kraftlyftingadeild Breiðabliks bar hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd mótsins. Þar voru fjórir keppendur frá Breiðablik; þau Birgit Rós Becker, Guðfinnur Snær Magnússon, Sóley Margrét Jónsdóttir og Alexander Örn Kárasón.

Í kvennaflokki náði Birgit silfurverðlaunin með 90,4 GL-stig og bætti jafnframt Íslandsmetinn í -76 kg fl. í hnébeygju með 180 kg, réttstöðulyftu með einnig með 180 kg og í samanlögðu með 452,5 kg. Með henni á verðlaunapallinum með bronsverðlaun var Sóley með 89,2 GL-stig. Sóleyju tókst þar að bæta fjölda meta í +84 kg

fl. bæði í unglingaflokki og opnum aldursflokki. Hún bætti Íslandsmetið í hnébeygju um heil 42 kg með 215 kg og setti nýtt Íslandsmet með 525 kg í samanlögðu. Báðar þyngdirnar eru jafnframt Norðurlandamet unglinga. Þá sló hún Íslandsmet unglinga í bekkpressu með 110 kg og í réttstöðulyftu með 200 kg.


Í karlaflokki hreppti Alexander bronsið með 92,6 GL-stig. Þá sló hann Íslandsmetið í hnébeygju í -93 kg fl. með 245 kg og sett ný Íslandsmet unglinga í réttstöðulyftu með 275 kg og í samanlögðu með 707,5 kg. Guðfinnur hafnaði svo í 9. sæti með 82,4 GL-stig og 800 kg í samanlögðu.

Júní

Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum, sem upphaflega átti að fara fram í mars en var frestað vegna Covid-faraldursins, var haldið í Mosfellsbæ. Fjórir Blikar tóku þátt; þau Ellen Ýr Jónsdóttir, Alexander Örn Kárasón, Hjálmar Andrésón og Daníel Geir Einarsson. Ellen náði öðru sætinu í +84 kg fl. með 437,5 kg.

Alexander varð Íslandsmeistari í -93 kg fl. með 707,5 kg og setti nýtt Íslandsmet í hnébeygju með 255 kg og nýtt unglingamet í réttstöðulyftu með 277,5 kg. Hjálmar náði öðru sæti í -105 kg fl. með 582,5 kg. Daníel náði einnig öðru sæti, en í +120 kg fl. með 700 kg í samanlögðu.

Um sömu helgi fór fram



Íslandsmeistaramót ungmenna og öldunga í klassískum kraftlyftingum. Þar mættu til leiks fjórir Blikar. Í -63 kg fl. unglunga varð í öðru sæti Blikinn Alexandra Rán Guðnýjardóttir með 280 kg. Gabríel Ómar Hafsteinsson náði fyrsta sæti í -120 kg fl. unglunga með 625 kg. Í drengjaflokki náði Emil Grettir Grettisson fyrsta sæti í +120 kg fl. með 550,5 kg og bætingu á Íslandsmeti drengja í réttstöðulyftu með 230,5 kg. Í öldungaflokki 2 náði Ólafur Sveinsson fyrsta sætinu í -83 kg fl. með 422,5 kg og bætingar á Íslandsmeti öldunga 2 í bekkpressu með 110 kg.

Júlí

Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu og klassískri réttstöðulyftu voru haldin í Sporthúsinu í júlí. Breiðablik átti þar fimm keppendur. Sóley Margrét Jónsdóttir, Jakob Hrafn Ágústsson og Guðfinnur Snær Magnússon kepptu á Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu og þeir Eypór Örn Gunnarsson og Daníel Geir Einarsson kepptu á Íslandsmeistaramótið í klassískri réttstöðulyftu.

Á Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu náði Sóley fyrsta sætinu í +84 kg fl. með 205 kg lyftu. Í -105 kg fl. karla varð Jakob í öðru sæti með 265 kg. Guðfinnur náði fyrsta sæti í +120 kg fl. með 315 kg lyftu.

Á Íslandsmeistaramótið í klassískri réttstöðulyftu kepptu Eypór og Daníel báðir í +120 kg fl. Eypór náði fyrsta sætinu með 285 kg lyftu og Daníel öðru sætinu með 260 kg.

Ágúst

Sóley Margrét Jónsdóttir og Guðfinnur Snær

Magnússon héldu bæði út til Pilsen í Tékklandi á Evrópumeistaramótið í kraftlyftingum. Því miður átti hvorugt þeirra gott mót og féllu þau bæði úr keppni. Sóley meiddist í upphitun og

tókst ekki að fá inn gilda hnébeygju. Þá náði Guðfinnur heldur ekki inn gildri lyftu.

Þrír Blikar tóku þátt á Íslandsmeistaramótið í klassískri bekkpressu í lok ágúst. Ellen Ýr Jónsdóttir hafnaði í öðru sæti í +84 kg fl. með 85 kg. Þá náði Alexander Örn Kárasón öðru sæti í -105 kg fl. með nýju Íslandsmeti unglunga, 172,5 kg. Róbert Guðbrandsson varð í fjórða sæti í sama flokki á nýju Íslandsmeti drengja með 140 kg. Í -120 kg fl. varð Emil Grettir Grettisson í þriðja sæti með 120 kg.



September

Heimsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki og aldursflokkum var haldið í Halmstad í Svíþjóð. Þar voru á meðal keppenda tveir Blikar; Birgit Rós Becker í opnum flokki -76 kg og Alexander Örn Kárasón í unglungaflokki -93 kg. Birgit hafnaði í 10. sæti með 447,5 kg í samanlögðu. Birgit bætti þar Íslandsmetið í réttstöðulyftu með því að



lyfta 185 kg. Alexander hafnaði í 12. sæti með 710 kg, sem er nýtt Íslandsmet í unglingaflokk. Hann fékk silfurverðlaun í bekkpressu á nýju Íslandsmeti unglinga 190 kg. Þá setti hann að auki nýtt Íslandsmet í opnum flokki í hnébeygju með 257,5 kg.

Í september var haldið æfingamót og dómarapróf. Þar spreyttu sig þeir Róbert Guðbrandsson, Emil Grettir Grettisson og Egill Hrafn Benediktsson. Róbert lyfti 545 kg í -105 kg fl., Emil 525 kg í -120 kg fl. og Egill 425 kg í -120 kg fl. Á sama tíma þreytti Daníel Geir Einarsson dómarapróf, og stóðst.

Október

Alexandrea Rán Gylfadóttir fór utan til Vilnius í Litháen þar sem hún keppti á Heimsmeistaramóti unglinga í klassískri bekkpressu. Þar vann Alexandria til silfurverðlauna í -63 kg fl. með því að lyfta 97,5 kg.

Nóvember

Fjórir Blikar voru í landsliðshópnum sem hélt til Finnlands á Norðurlandamót unglinga. Þar varð Alexandria Rán Gylfadóttir Norðurlandameistari í -63 kg fl. í klassískri bekkpressu með nýju Íslandsmeti unglinga 110 kg. Alexander Örn Kárasen varð Norðurlandameistari unglinga í -93 kg fl. með nýju

Íslandsmeti í opnum flokki, 737,5 kg. Hann sett nýtt Íslandsmet í opnum flokki í hnébeygju með 260 kg og í réttstöðulyftu með 295 kg. Gabríel Ómar Hafsteinsson hafnaði í fjórða sæti í -120 kg fl. unglinga með 640 kg í samanlögðu. Emil Grettir Grettisson náði öðru sæti í -120 kg fl. drengja með 552,5 kg, sm er nýtt Íslandsmet drengja. Þá bætti hann einnig Íslandsmet drengja í réttstöðulyftu með 240 kg.

Þau Sóley Margrét Jónsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon kepptu á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum í Stafangri. Þar hafnaði Sóley 5. sæti í öflugum +84 kg fl. með 630 kg. Guðfinnur náði 6. sæti í +120 kg fl. með 975 kg.

Á Bikarmótunum í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum kepptu fimm Blikar. Jakob Hrafn Ágústsson og Daníel Geir Einarsson kepptu á Bikarmótinu í kraftlyftingum, þar sem Jakob varð í fyrsta sæti í -105 kg fl. með 657,5 kg og Daníel í fyrsta sæti í +120 kg fl. með 792,5 kg. Á Bikarmótinu í klassískum kraftlyftingum kepptu þeir Róbert Guðbrandsson, Emil Grettir Grettisson og Egill Hrafn Benediktsson. Róbert varð í þriðja sæti í -105 kg fl. með 555

kg. Emil varð í þriðja sæti í -120 kg fl. með 567,5 kg og Egill í því fjórða með 490 kg.

Desember

Blikar áttu einn fulltrúa á Evrópumeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í Vesturósi í Svíþjóð, Birgit Rós Becker. Þar keppti hún í -76 kg fl. en féll því miður úr keppni eftir að hafa mistekist að ná inn gildri lyftu í bekkpressu. Hún hélt þó ótrauð áfram og lyfti 187,5 kg í réttstöðulyftu sem var bæting á Íslandsmetinu í stakri grein.

Kraftlyftingafólk ársins

Íþróttafólk kraftlyftingadeildar voru valin þau Guðfinnur Snær Magnússon og Sóley Margrét Jónsdóttir. Sóley var ein sex kvenna sem voru í kjöri til íþróttakonu Kópavogs.

Stjórnarfundir – stjórnarstarf

Aðalfundur Kraftlyftingadeildar Breiðabliks var haldinn föstudaginn 23. mars 2021 í glersal stúku Kópavogsvallar. Á fundinum var kjörin stjórn deildarinnar.

Guðfinnur Snær Magnússon
Jakob Hrafn Ágústsson
Ellen Ýr Jónsdóttir

Varamenn:

Helgi Hauksson
Helgi Magnússon

Stjórn kraftlyftingadeildar Breiðabliks 2021-2022:

Halldór Eyþórsson, formaður
Auðunn Jónsson, varaformaður
Elín María Guðbjartsdóttir, gjaldkeri
Róbert Kjara, ritari

Meðstjórnendur:

Guðfinnur Snær Magnússon

Aðstaða

Sú aðstaða sem deildin hefur til umráða er 100m² rými undir hinni nýju stúku Kópavogsvallar. Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að það rými er ekki nógu stórt og stendur í vegi fyrir nýliðun. Vilyrði hefur fengist frá Kópavogsbæ fyrir stærra rými í Digranesi, en illa hefur gengið að hefja nauðsynlegar framkvæmdir sem þurfa að eiga sér stað áður en hægt er að flytja þar inn.

F.h. stjórnar kraftlyftinga-deildar
Breiðabliks

Róbert Kjara, ritari

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks

Á aðalfundi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks 2021 voru eftirfarandi kjörin í stjórn:

Gunnar Sv. Friðriksson, Formaður
Atli Björn Þorbjörnsson,
Varaformaður
Heimir Snær Jónsson
Arnar Snær Kárasón
Enok Jón Kjartansson

Engar breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári.

Covid-19 faraldurinn setti mikinn svip á starfið á yfirstandandi tímabili. Aðstæður voru mjög krefjandi og tóku vel á alla sem komu að starfi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks en með samhentu átaki tókst að skipuleggja starfið þannig að hægt var að mæta kröfum KKÍ vegna leikjaskipulags á Covid tímum og lágmarka brottfall yngri iðkenda.

Ívar Ásgrímsson stýrði starfi yngri flokka sem yfirþjálfari yngri flokka, ásamt því að vera þjálfari meistaraflokks auk þess að sinna þjálfun tveggja yngri flokka félagsins. Mikil ánægja er innan stjórnar með störf Ívars og teljum við dýrmætt að fá jafn reynslumikinn aðila til að taka næstu skref með okkur og byggja á góðan grunn sem hefur og mun skila sér í sterkum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins á næstu árum.

Að venju bauð Breiðablik upp á sumarnámskeið fyrir yngri iðkendur og voru þau vel sótt. Sumaræfingar fyrir elstu iðkendurnar hófust svo um miðjan

júní og sá Ívar Ásgrímsson um skipulag og umsjón þeirra ásamt aðstoðarþjálfurum.

Ráðning þjálfara fyrir yngri flokka gekk frekar hægt og hefur því miður reynst erfitt að fá menntaða og reynslumikla þjálfara í allar stöður. Þó stöðugleika hafi verið náð í einhverjum flokkum þarf að gera betur í öðrum. Þetta hefur verið langvarandi vandamál og valdið eðlilegri óánægju hjá foreldrum og iðkendum. Ljóst er að Covid hefur ekki verið að hjálpa okkur í þessum málum.

Æfingar hófust af fullum krafti hjá okkar elstu iðkendum strax eftir verslunarmannahelgi, en reglulegar æfingar yngri flokka hófust um miðjan ágúst. Meistaraflokkar æfa árið um kring með einhverju hléi að vori strax að loknu tímabili. Aftur var farið af stað með krílakörfuna fyrir leikskólabörn, en þetta er þriðja árið sem við bjóðum upp á körfubolta fyrir þau allra yngstu. Námskeiðið hefur verið mjög vel sótt. Þá hefur verið boðið upp á styttri námskeið í vetrarfríum grunnskóla Kópavogs.

Skráðir iðkendur hjá Körfuknattleiksdeild Breiðabliks eru vel rúmlega þrjúhundruð. Fjölmargir iðkendur koma einnig reglulega til að prófa æfingu hjá deildinni þar sem sumir ílengjast en aðrir finna sig betur á öðrum vettvangi. Leikmenn meistaraflokka greiða ekki æfingagjöld, en þeir hafa skyldum að gegna samkvæmt samningum sínum, t.d. er varðar dómgæslu, fjáröflunum og öðrum störfum sem stjórn leggur til hverju sinni.



Að venju var stærsta mót okkar haldið í mars mánuði og núna með nýjum styrktaraðila, Lind Fasteignasölu. Undirbúningur gekk vel og framkvæmd mótsins fór vel fram. Umgjörð var öll til fyrirmyndar og bæði forráðamenn og iðkendur fóru glöð heim að móti loknu.

Við tókum að okkur að halda utan um Bikarkeppni VÍS í samstarfi við KKÍ. Mikil vinna var lögð í þessa Bikarviku sem öll fór fram í húsakynnum Breiðabliks í Smáranum. Deildinni hefur borist mikið hrós fyrir umgjörð, ut anumhald og framkomu starfsmanna bikarvikuna alla. Mikil reynsla kom í hús við að halda utan um svo stóran viðburð, en allir leikir voru sýnir í sjónvarpi eða öðrum miðlum sem flækir alla skipulagningu enn frekar. Stjórn, sjálfboðaliðar og aðrir er hjálpuðu til við að gera Bikarvikuna að veruleika eiga mikið hrós skilið og ljóst að hróður Breiðabliks er mikill eftir þessa viðamiklu og flottu bikarkeppni.

Eins og verið hefur undanfarin allt of mörg ár fór mikil vinna og tími stjórnarmanna í að leita eftir fjármagni til reksturs deildarinnar og þurfti stjórnin sífellt að vera á höttunum eftir styrkjum í starfið sem gefur að skilja er mjög orkufrekt, en ákjósanlegra væri að beina þeirri orku í að styrkja innviðina og bæta starfið enn frekar. Þrátt fyrir viðleitni stjórnar þá er því miður mikill halli á rekstri deildarinnar og finna þarf frekara fjármagn eigi að nást árangur með meistaraflokka á komandi árum og að hægt verði að fjárfesta enn frekar í þjálfaramálum yngri flokka.

Yngri flokkar

Tímabilið 2021/2022 endaði mjög vel hjá yngri flokkum körfuknattleikdeildar Breiðabliks.

Eins og áður hefur komið fram setti Covid mikinn svip á starf yngri flokka en mikið þúður var sett í að passa upp á að sem minnst brottfall yrði hjá iðkendum í yngri flokkunum hjá okkur.

Í raun hefur verið fjölgun iðkenda hjá okkur á þessu tímabili.

Þrír flokkar eru að spila í undanúrslitum um Íslandsmeistarartitil í A-flokki, 9. flokkur drengja, unglingaflokkur drengja og drengjaflokkur. Þess má einnig geta að 9. flokkur drengja spilaði auk þess úrslitaleik í bikarnum en hafnaði í 2. sæti.

Aðrir flokkar stóðu sig með mikilli þrýði og ljóst að yngri flokka starf deildarinnar er á góðum stað og töluverður efniviður er til staðar í deildinni. Til að mynda eru nokkrir flokkar með bæði A og B lið í A-riðlum. Fjölgun var í yngstu aldurshópunum og voru þeir flokkar að spila mjög vel og voru með betri flokkum landsins. Hins vegar þar að spýta í stúlkna megin en hvorki fjölgun né árangur var eins mikil þar og drengjamegin. Fjölgun hefur þó verið í yngstu hópum stúlkna og er það sérstaklega ánægjulegt.

Deildin á nóg af góðum efniviði. Minnibolta flokkar deildarinnar hafa allir staðið sig mjög vel á þeim mótum sem þeir hafa tekið þátt í og hafa sýnt að þeir eru með betri flokkum landsins, auk þess



að fjölgun hefur verið töluverð þar.

Yngri flokka starf deildarinnar er í góðum farvegi þó auðvitað megi alltaf gera betur eins og komið hefur fram. Þjálfarar deildarinnar eiga hrós skilið fyrir þá vinnu sem þeir hafa skilað á síðustu mánuðum og má m.a. þakka þeim fyrir fjölgun iðkenda og þann góða árangur sem deildin hefur náð á tímabilinu.

Við erum afar stolt af okkar fólki og það er ljóst að Körfuknattleiksdeild Breiðabliks er tvímælalaust á uppleið. Það hefur verið mikil hvatning til okkar í starfinu að sjá alla þessa efnilegu iðkendur okkar verða betri og betri eftir því sem árin líða.

Meistaraflokkar

Meistaraflokksstarfið gekk vel síðasta tímabil 2021/2022. Væntingar deildarinnar náðust, en deildin var með báða meistaraflokka í Subway deildunum. Aðal markmiðið var að ná að halda báðum liðum uppi í efstu deild. Auka markmið var að koma báðum liðum í úrslitakeppnina.

Meistaraflokkur karla

Eftir að liðið tryggði sér sæti í Subway deild með sigri í 1.deild maí 2021 var stefnan tekin á að halda liðinu þar.

Liðið var styrkt með nokkrum leikmönnum en samt byggt á þeim stóðum sem tryggðu liðinu sigur í 1.deildinni. Fengnir voru Everage Richardson og Danero Thomas úr ÍR og Hilmar Pétursson kom aftur heim í Breiðablik frá Haukum.

Liðið spilaði 22 leiki í Subway deildinni og sigraði 9 þeirra en tapaði 13 og var liðið hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni.

Framtíðin er björt hjá meistaraflokki karla bæði varðandi næsta tímabil þar sem samningar við leikmenn hafa verið endurnýjaðir og liðið hefur alla burði til þess að taka næsta skref í Subway

deildinni auk þess sem efniviður ungra leikmanna er mikill hjá félaginu.

Meistaraflokkur kvenna

Mikið var um meiðsl á fyrrihluta tímabilsins hjá meistaraflokki kvenna, auk þess Covid smit voru viðvarandi í langan tíma og því erfitt að skipuleggja æfingar og keppnisleiki.

Gengi liðsins fyrir áramót var því undir væntingum en eftir áramót var mikill meðbyr með liðinu. Liðið spilaði 24 leiki í deildarkeppninni, vann 6 þeirra en tapaði 18. Liðið endaði í neðsta sæti ásamt Grindavík.

Sá frábæri árangur náðist hjá meistaraflokki kvenna að liðið spilaði við Hauka til úrslita í Bikarkeppni VÍS. Leikurinn var jafn og spennandi þar til í lokin er lið Hauka var ívið sterkara. Framganga Blika kvenna var frammúrskarandi og mikil reynsla sem leikmenn fengu eftir að fara í svo stóran úrslitaleik.

Mikið bras var í útlendingamálum hjá Meistaraflokki kvenna í vetur en von okkar í stjórn deildarinnar er sú að reynsla þessa veturs hjálpi til með þessi mál næsta vetur.

Aðstöðumál

körfuknattleiksdeildarinnar hafa verið í brennidepli undanfarin ár og margt sem þarf verulega að bæta úr þar. Deildin er með íþróttahús Smárans frá kl. 15 alla virka daga en frá hádegi á laugardögum. Þá eru deildinni úthlutaðir tímar í íþróttahúsinu í Fagralundi, Lindaskóla og Kársnesskóla. Hins vegar hefur deildin sótt fast á það að fá aðstöðu í efri byggðum Kópavogs en án árangurs og án haldbærra raka af hálfu bæjaryfirvalda. Á eftir ár höfum við einnig sóst eftir tímum í íþróttahúsinu í Digranesi sem og Kórnum og Vatnsendaskóla en þeirri beiðni er ávallt hafnað án nokkurs rökstuðnings

bæjaryfirvalda. Við í stjórn deildarinnar teljum verulega mikilvægt að fá æfingatíma í öðrum íþróttahúsum bæjarins til þess að getað þjónusta börn í efri byggðum bæjarfélagsins betur. Þeir fáu tímar sem deildinni hafa verið úthlutaðir t.d. í Fagralundi eru afleitir nýttast deildinni illa.

Að lokum vil ég þakka öllum sem hafa komið að starfinu í vetur. Styrktaraðilum deildarinnar færi ég bestu þakkir, meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf og kynni sem og aðalstjórn og skrifstofufólki fyrir góðan stuðning undanfarin ár.

Gunnar Sv. Friðriksson
Formaður stjórnar

Ársskýrsla Rafíþróttadeildar Breiðabliks



Starf deildarinnar árið 2021 var það fyrsta hjá deildinni. 29.maí var umsókn um stofnun rafíþróttardeildar Breiðabliks sent stjórn Breiðabliks. Þeir sem skrifuðu undir umsókninu voru Björgvin Jónsson, Sonja Nikulásdóttir, Davíð Jóhannsson og Birgir Hrafn Birgirsson

Helstu verkefni stjórnar 2021 var að þroska samstarf milli Breiðabliks og Arena sem hýsir rafíþróttaræfingar. Ákveða hvað rafíþróttarleiki Breiðablik vill hafa og fyrir hvaða hópa. Uppsetning á æfingatöflu og auglýsa starfið. Einnig að setja fram stefnu fyrir deildina en hún er: „Rafíþróttadeild Breiðabliks vill gefa börnum og unglingum í Kópavogi kost á markvissum æfingum og heilbrigðum spilaháttum þegar kemur að tölvuleikjum. Við viljum einnig styðja við virka samkeppni innanlands sem og að hjálpa iðkenndum að ná

hámarksárangri. Þessu viljum við áorka með því að skapa félagslegt og stuðningsríkt umhverfi fyrir iðkendur við fyrsta flokks aðstæður. Það er okkar trú að markviss æfing á tölvuleikjum í réttu umhverfi getur haft jákvæð áhrif á iðkendur.“



Ýmis önnur atriði sem má telja upp er t.d.

- Stofna bankareikninga og kennitölu deildar
- Gerð glæsilegrar heimasíðu deildarinnar www.breidablikk.gg
- Iðkendur á fyrsta ári voru 67 talsins og mikið að krökkum sem komu að prufa
- Breiðablik skráði sig í Rafíþróttarsamtökin (RÍSÍ) og tók þátt á aðalfundi
- Facebook síða komin í loftið
- Uppfjöllun í kópavogspóstinum og inná mbl.is
- Stilla upp markaðsefni fyrir deildina
- Hönnun á Górilla sem deildin notar
- Hönnun á iðkendabolum

Virðingarfyllst,
Davíð Jóhannsson
Formaður Rafíþróttardeildar
Breiðabliks



Ársskýrsla Skákdeildar Breiðabliks

Aðalfundur skákdeildar Breiðabliks, haldinn 25. apríl 2022 kl. 20.00, var auglýstur samkvæmt lögum félagsins með tilkynningu á heimasíðu Breiðabliks og með auglýsingu á Sportablar til allra iðkenda sem þar eru skráðir. Samtals mættu 9 til fundarins.

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Formaður stjórnar, Heiðar Ásberg Atlason, lagði til að hann verði sjálfur fundarstjóri og fundarritari og var það samþykkt einróma.

2. Formaður leggur fram skýrslu deildar.

Formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar og voru nokkrar umræður um hana samhliða yfirferðinni. Barna- og unglingastarfið hefur heilt yfir gengið mjög vel í vetur. Æfingar deildarinnar byrjuðu 7. september og verða þær alveg út maí nk. eða sem nemur hefðbundnu skólaári. Æfingar hafa verið 13-14 á viku sem er langmesti æfingafjöldi sem boðið er uppá á Íslandi sem er jákvætt, þótt það sé rétt að hugleiða hvort tími sé kominn til að breyta uppsetningu æfingahópa og/eða æfingatímum eða fjölda.

Aðstaða til skákiðkunar er sannarlega glæsileg í Glersalnum

en það hafa annað slagið komið upp árekstrar við fótboltann, einkum sl. haust þegar kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu spilaði í Meistaradeild Evrópu og Stúkan var undirlögð fyrir það og eins núna nýverið þegar fótboltinn byrjaði að rúlla á nýjan leik. Þá er fyrir séð að það verði nokkrir árekstrar út maí og þurfa þá æfingar að

færast til eða falla niður. Formaður hefur verið í miklum samskiptum við yfirstjórn Breiðabliks og knattspyrnudeild um málið og eru þessi mál í betri farvegi en áður þótt betur megi gera. Við erum með varaaðstöðu í Smáraskóla sem hentar ágætlega og erum með aukasett þar sem hægt er að nota fyrir æfingar. Óheppilegt en þetta gengur ágætlega engu að síður.

Þjálfarar deildarinnar eru Lenka Ptácníková sem er með 1. bekk og yngri. Hjá henni hafa verið mjög fáir iðkendur í vetur eða á bilinu 3-6 á hverri æfingu sem er ekki nógu gott og þarf að fjölga. Í hópnum hjá Arnari Inga Njarðarsyni, sem er 2.-3. bekkur, hafa verið 7-11 að mæta í vetur. Þetta verður

síðasti vetur Arnars Inga sem hefur látið vita að hann vilji ekki halda áfram. Í elsta hópnum sem er 4. bekkur og eldri þar eru 19 iðkendur skráðir en 12 virkir að sögn Björns Ívars Karlssonar og þá eru 17 iðkendur í framhaldshóp. Í afrekshópnum hefur 10 iðkendum verið boðið að vera með undir stjórn Helga Ólafssonar stórmeistara sem tók við þeim hóp eftir að Birkir Karl hætti þjálfun um áramót. Þá hefur Vignir Vatnar komið inn í þjálfun auk Arnars Milutin sem hefur leyst af

stöku sinnum.

Þátttaka okkar fólks í mótum hefur verið allmikil þótt við höfum ekki haldið mörg sjálf fyrir utan jóla- og páskamót fyrir æfingakrakkana og stefnt sé á mót í lok kennslunnar í maí. Blikar mættu mjög vel á bikarsyrpur TR í vetur og röðuðu sér í efstu sætin í öllum mótunum. Raunar gekk svo vel



að rætt var meðal gárunganna að breyta nafninu í Blikasyrpuna.

Vatnsendaskóli sigraði bæði Íslandsmót grunnskólasveita og barnaskólasveita (4.-7. Bekk) og Smáraskóli vann mótið fyrir 1.-3. bekk. Allir keppendur sveitanna eru liðsmenn Breiðablik.

Á Íslandsmóti ungmenna, yngri flokki, sigraði Sigurður Páll Guðnýjarson og Blikar röðuðu sér í 3 efstu sætin. Á Íslandsmóti ungmenna, eldri flokki, lenti Mikael Bjarki Heiðarsson í 2. sæti.

Þá sigraði skákdeild Breiðabliks á Íslandsmóti unglingasveita. Liðsmenn sveitarinnar voru Benedikt Briem, Gunnar Erik Guðmundsson, Matthías Björgvin Kjartansson og Mikael Bjarki Heiðarsson.

16 liðsmenn Skákdeildar Breiðabliks tóku þátt í Kvika Reykjavík Open 2022. Árangurinn var mjög góður. Vignir Vatnar Stefánsson fékk flesta vinninga Blika, 6 af 9 mögulegum. Nokkrir Blikar fengu aukaverðlaun á mótinu: Birkir Hallmundarson, Tómas Möller og Þorsteinn Jakob Þorsteinsson voru í efstu þremur sætunum yfir besta árangur miðað við eigin skákstig á mótinu. Þeir fengu allir vegleg peningaverðlaun. Þá var heildarhækkun þátttakenda Breiðablik yfir 600 ELO stig sem er frábært.

Þá fór 22 manna hópur úr barna- og unglingastarfinu á Hasselbacken mótið í Stokkhólmi sl. haust og var sú ferð afar vel heppnuð. Stefnt er á að fara sambærilega ferð árlega og jafnvel tvisvar á ári, annað hvort á sama mót eða annað sambærilegt. Nokkrir Blikar fóru einnig til Kragerö í Noregi í febrúar auk þess sem Vignir Vatnar hefur verið duglegur að sækja mót erlendis á vegum Breiðablik. Hann varð alþjóðlegur meistari sl. haust og á aðeins einn áfanga eftir til að verða stórmeistari en hann hefur þegar farið yfir 2500 ELO stiga múrinn.

Eldri flokka starfið fór í gang sl. haust og voru reyndar æfingar/skákkvöld í

nokkur skipti. Þá var meistaraflokkur, sem er nú ungur að árum, í úrvalsdeildinni og hélt sæti sínu þar þrátt fyrir að flestir skákspekingar hafi spáð liðinu falli í 1. deild. Síðan þá hefur flokkurinn verið styrktur og sterkir liðsmenn hafa bæst í hópinn og enn fleiri eru væntanlegir sem er mjög jákvætt. B-sveit Breiðablik vann sigur í 2. deild og teflir í 1. deild að ári. Þá voru einnig sendar þrjár sveitir í neðri deildum þar sem yngri keppendur fengu góða og dýrmæta reynslu. Þá varð Breiðablik á haustdögum atskákmeistari Íslands í liðakeppni en sú keppni vannst með miklum yfirburðum. Í sveit Breiðablik voru Arnar Milutin Heiðarsson, Birkir Ísak Jóhannesson, Halldór Grétar Einarsson, Magnús Pálmi Örnólfsson, Snorri Bergsson, Sverrir Hákonarson og Vignir Vatnar Stefánsson.



3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar.

Hrafnhildur Gísladóttir, fjármálastjóri Breiðablik og Kristín Jónsdóttir, gjaldkeri skákdeildar, fóru yfir ársreikning deildarinnar. Eftir nokkrar umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur einróma.

4. Kosning formanns

Heiðar Ásberg Atlason, heidar@logos.is og gsm 860 2348 var einn í kjöri til formanns stjórnar og var kjörinn einróma.

5. Kosning stjórnarmanna

Eftirfarandi stjórnarmenn voru í framboði og voru kjörnir einróma:

Kristín Jónsdóttir, kristinjonsdottir88@gmail.com, gsm 690 8796

Halldór Grétar Einarsson, halldorgretar@isl.is, gsm 669 9784

Kristófer Gautason, kristofer.gautason@rvkskolar.is, gsm 857 2531

Birkir Karl Sigurðsson, birkirkarl@gmail.com, gsm 848 7427

Brynjar Bjarkason, brynjarbja@gmail.com, gsm 663 7857

Varamaður í stjórn var kjörin Guðný Sigurðardóttir, gudny.sigurdardottir@islandsbanki.is, gsm 844 4623

6. Önnur mál

Rætt var almennt um starfið framundan áður en fundi var slitið kl. 22.00. Var fundarritara falið að ganga frá fundargerð og senda á aðalstjórn.

Kópavogi, 25. apríl 2022

Heiðar Ásberg Atlason, fundarstjóri og fundarritari

Ársskýrsla Skíðadeildar Breiðabliks

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var rafrænt 12. apríl 2021, voru eftirtaldir kosnir í stjórn skíðadeildar Breiðabliks og skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: H.Davíð Björnsson
Gjaldkeri: Ævar Rafn Börnsson
Ritari: Sara Fönn Jóhannesdóttir
Meðstjórnendur: Kári Arnar Kárason og Steinunn Arna Jóhannesdóttir varaformaður og fulltrúi foreldrafélagsins.

Til vara: Garðar Þorvarðarson
Formaður hefur setið í stjórn Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks, Skíðaráði Reykjavíkur (SKRR) sem áheyrnarfulltrúi og fundi betri skíðasvæði Bláfjöll/Skálafell.

Alpagreinaneftnd:

Í alpagreinaneftnd hafa starfað Stefán Árni Auðólfsson og H. Davíð Björnsson
Nefndin sér um ráðningu þjálfara og annað sem snýr að þjálfun.

Mótaneftnd:

Mótaneftnd skipa Smári R. Þorvaldsson, Stefán Árni Auðólfsson, Garðar Þorvarðarson og H.Davíð Björnsson og er mótaöld á vegum deildarinnar í þeirra höndum.

31. mars héldum við Faxaflóamót 10-11 ára í frábæru veðri sól og logni en ekki var veðrið eins gott 2. apríl, rigning og suddi þegar við héldum Fjallakofaleika Breiðabliks í flokkum 8-9 ára 6-7 ára og 5 ára og yngri bæði mótin tókust með miklum ágætum.



Skálanefnd:

Breiðabliksskálinn skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum er mikilvæg undirstaða fyrir starf deildarinnar. Rekstur skálans er í traustum höndum skálanefndarinnar, en hana skipa Jóhannes Sveinbjörnsson formaður og skálavörður er Bergþór Kárason.

Foreldrafélag:



Í foreldrafélaginu hafa starfað formaður Steinunn Arna Jóhannesdóttir og Kristín Erla Sveinsdóttir er gjaldkeri.

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

Auka velferð, áhuga og vellíðan iðkenda, stuðla að auknum tengslum foreldra við félagið, hafa umsjón með fjáröflun iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða, hafa umsjón með gistingu í skála og skipuleggja sjoppuvaktir í skálanum.

Þjálfarar:

7 ára og yngri H.Davíð Björnsson og Daníel Ingi Egilsson. Hjá 8-9 ára Vernharð Guðnason og Iðunn Rún

Kristjánsdóttir. 10-11 ára Snorri Páll Guðbjörnsson og Ólafía Elísabet Einarisdóttir. 12-13 og 14-15 áram Arnór Þorkell Gunnarsson og Agla Jóna Sigurðardóttir. 16 ára og eldri Egill Ingi Jónsson sá um styrktarþjáfun, Marko Spoljark og Damjan Herr Vesovic hafa séð um skíðþjálfunina.

Starfið

Styrktarþjáfun í fullorðinsflokki hófst um mánaðarmótin maí/júní og hjá 15 ára og yngri ágúst september.

Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var 8. des, æfingadagar eru orðnir 51. Samstarf við skíðafélögin í Reykjavík hélt áfram í vetur, hjá 16 ára og eldri, Skíðalið Reykjavík og Breiðabliks. Hjá yngri flokkunum hélt samstarfi áfram við KR.

Keppni erlendis og innanlands

Björn Davíðsson, Freyja Kristín Þórðardóttir og Stefán Leo Garðarsson kepptu víða um Evrópu fyrir Breiðablik Ísland í vetur þar sem þau bættu FIS punktastöður sínar. Björn keppti svo fyrir ISL 8-9 mars á HM unglinga í Panorama, Kanada. Hann endaði í 49.sæti í svigi en náði ekki að klára seinni ferð í stórsvigi. Einnig keppti hann á Ólympíuleikum Evrópu æskunnar (EYOF) 22.mars í Vuokatti, Finnlandi þar féll hann í fyrri ferð svigi. Ekki gátu íslensku keppendurnir keppt í samhliðasvigi á leikunum því hraða þurfti heimferð til

að keppa á SMÍ á Dalvík. Björn endaði þar í 3.sæti í svigi. Í bikarkeppni SKÍ varð svo Björn sigurvegari í fullorðinsflokki með 676 stig af 1000 sigræði í 5 mótum af 10 varð annar í 1 og þriðji í 1. Í flokki 18-20 ára sigræði Björn með 780 stig og annar varð Jón Hákon Garðarsson með 320 stig.

Lokaorð

Veturinn var um margt skríttinn, lægð þriðja hvern dag svo ekki var hægt að skíða, ekki hefur tekist að klára öll mót vetrarins en vonandi næst að klára sem flest í maí. Ekkert var unnið að uppbyggingu skíðasvæðanna á árinu en skrifað var loksins undir kaup á skíðalyftum

við

Doppelmaier

sem

fyrirhugað er að

reisa fyrir komandi

vetur. Ekki verður farið í

uppbyggingu á

snjófrannleislu á þessu ári

sem er miður.



Fyrir hönd stjórnar
skíðadeildar
Breiðabliks,
H.Davíð Björnsson

Ársskýrsla Sunddeildar Breiðabliks



Ársskýrsla 2021 Sunddeild Breiðabliks
Síðasti aðalfundur Sunddeildarinnar var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað 7. apríl 2021. Á fundinum létu Hjördís Rögn Baldursdóttir og Þóra Bjarnadóttir af stjórnarstörfum og ný stjórn var kosin. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn: Jónína Guðmundsdóttir, formaður Hákon Hrafn Sigurðsson, gjaldkeri Guðlaug Björnsdóttir, ritari Anna Steinunn Ingólfssdóttir, meðstjórnandi María Jónsdóttir, meðstjórnandi Bjarni Gunnar Bjarnason, meðstjórnandi Pálmi Gíslason, meðstjórnandi Magnús Konráðsson, varamaður. Á árinu tók stjórnin þó nokkrum breytingum og var hún í lok árs með eftirfarandi hætti: Jónína Guðmundsdóttir, formaður María Jónsdóttir, gjaldkeri Guðlaug Björnsdóttir, ritari Pálmi Gíslason, meðstjórnandi Magnús Konráðsson, meðstjórnandi Starfsemin. Ekki er hægt að segja að starfsemi deildarinnar hafi

verið með hefðbundnu sniði árið 2021 frekar en fyrra ár, enda hafði COVID-19 enn mikil áhrif á allt íþróttastarf í landinu. Stjórnarfundir voru haldnir eftir þörfum, en mislangt leið á milli funda og var oft notast við fjarfundabúnað sökum samkomutakmarkana í samfélaginu. Stjórnarsamstarfið gekk engu að síður mjög vel. Rekstur deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og síðustu ár og er fjárhagsleg staða deildarinnar mjög góð. Launakostnaður hækkaði nokkuð milli ára og að sama skapi kostnaður vegna þátttöku í mótum. Ræðst þetta af áhrifum Covid-19 á síðasta ári. Mun meira var um mót á árinu 2021. Æfingagjöld voru í takt við áætlanir og hækkuðu aðeins frá fyrra ári. Það hafði þó áhrif að ekki var hægt að halda 6 vikna sundnámskeið á vorönn. Samstarf við aðalstjórn Breiðabliks hefur verið mjög gott og hefur mikill stuðningur fengist þaðan á árinu. Sportabler er kerfi

sem unnið var að innleiðingu að fyrir sunddeildina á árinu til að halda utan um mætingar og samskipti við foreldra. Það hefur nú verið tekið í gagnið. Starf sunddeildarinnar fór fram í Kópavogslaug og Íþróttamiðstöðinni í Versölum í Salahverfi líkt og undanfarin ár. Æfingahópar í Salalaug voru C, D og E hópar. Í Kópavogslaug voru starfræktir 7 æfingahópar í barna og unglingshópum, aukning hefur verið í flestum hópum deildarinnar. Tvö 12 vikna sundnámskeið námskeið voru haldin á árinu, bæði í Salalaug og Kópavogslaug. Vegna COVID-19 þurfti að fella niður 6 vikna sundnámskeiðið sem áætlað var að yrði haldið í lok vorannar. Sumarnámskeið Sundskóla Breiðabliks gengu vel og var mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu deildarinnar meðal bæjarbúa líkt og undanfarin ár. Alls sóttu 310 börn á aldrinum 5-10 ára sumarsundnámskeið. Sunddeildin hefur haft aðgang að litlum æfingasal í kjallara Kópavogslaugar sem einkum hefur verið nýttur fyrir þrekæfingar fyrir B hóp. A hópur hefur haft aðgang að stærri sal hjá Reebok Fitness fyrir sínar þrekæfingar á morgnana og hjá Sporthúsinu á laugardögum. Árið 2021 var betra hvað varðar COVID-19 takmarkanir heldur

en árið 2020. Sundæfingar lágu að mestu niðri um nokkurra vikna skeið í kringum páskana, en annars gekk nokkuð vel að halda úti æfingum. Það var hins vegar minna um mótahald heldur en á hefðbundnu ári vegna fjöldatakmarkana. Starfsmannamál Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir er sem fyrr yfirþjálfari deildarinnar, en hún sér um þjálfun A-hóps og D hóps í Kópavogslaug, auk þess að kenna á sundnámskeiðum í Kópavogslaug. Karl Pálmason þjálfar einnig A-hóp á mót Örnú Þóreyju. Gunnar Egill Benónýsson sá um þjálfun B hóps og C hóps í Kópavogslaug á vorönn, en hann hætti hjá félaginu sl. sumar. Sigurður Daniel Kristjánsson tók við B hópnum á haustönn og kennir jafnframt C hóp ásamt Sveinbirni Pálma Karlssyni. Jafnframt tók Sigurður við þjálfun á F hópnum á haustönn og E og D hópum undir lok árs. Sveinbjörn Pálmi Karlsson sá um þjálfun í Salalaug á árinu. Anna Steinunn Ingólfssdóttir sá um þjálfun E og F hópa í Kópavogslaug á vorönn og D og E á haustönn. Hún lét af störfum undir lok árs. Ragnheiður Karlsdóttir sá um þjálfun á sundnámskeiðum á mót Örnú Þóreyju og Sveinbirni. Sveinbjörn hafði umsjón með sumarsundnámskeiðunum og



kenndi jafnframt á þeim námskeiðum í Salalaug. Brynjólfur Karlsson kenndi á námskeiðunum í Kópavogslaug og höfðu þeir nokkra unglinga frá Vinnuskóla Kópavogsbæjar sér til halds og trausts. Félagsstarfsemi og sundmót Árleg uppskeruhátíð sunddeildarinnar frestaðist ítrekað vegna Covid-19, en var loks haldin í Smáranum 9. maí 2021. Þar voru verðlaun veitt fyrir góðan árangur árið 2019. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu sundmenn í öllum flokkum, framfara- og ástundunarverðlaun, viðurkenningar fyrir landsliðsverkefni, sundkona og sundkarl ársins voru valin og stigahæsti sundmaður deildarinnar verðlaunaður. Vegna COVID-19 var ekki mögulegt að halda þau sundmót sem ráðgert hafði verið að haldin yrðu á vegum sunddeildarinnar á árinu 2021. UMSK mótið sem halda átti í október féll niður, en Vormót Breiðabliks var á sínum stað. Í febrúar var haldið lítið innanfélagsmót fyrir B og C hópa og í maí var haldið innanfélagsmót fyrir C og D hópa. Í ágúst voru Blikaleikarnir haldnir í fyrsta sinn. Að þessu sinni voru þeir haldnir fyrir A og B hópa. Keppt var í heldur óhefðbundum greinum og er óhætt að segja að þetta hafi verið mikið fjör! Planið var að halda aðra Blikaleika fyrir yngri iðkendur síðar á árinu, en því miður kom Covid-19 í veg fyrir það að þessu sinni. Árið 2021 var á dagskrá að fara til Tenerife með A og B hópa félagsins, en eins og með svo margt annað þurfti að aflýsa þeirri ferð vegna COVID-19. Jólagleði sunddeildarinnar var með óhefðbundnu sniði, þar sem samkomutakmarkanir leyfðu ekki hið hefðbundna jólasund. Yngri hópar



fengu þó sérstakan jólatíma í lok annar þar sem endað var á kakó og piparkökum. Þátttaka á sundmótum COVID-19 setti mark sitt á þátttöku á sundmótum á árinu og féllu því miður nokkur mót niður. Engu að síður voru mörg mót haldin, bæði hjá öðrum félögum og mót á vegum Sundsambands Íslands. Fyrsta mót ársins voru Reykjavíkurlaikarnir, Reykjavík International Games, sem fóru fram í byrjun febrúar 2021. Þar náðu sundmenn Breiðabliks góðum árangri og unnu samtals 13 verðlaun og þar af 9 gullverðlaun. Vegna takmarkana í samfélaginu mátti hver sundmaður aðeins keppa í þremur greinum sem útskýrir fækkun verðlauna frá fyrra ári. Gullmót KR féll niður, en Ásvallamót SH fór fram í mars og gekk Blikum vel á því móti. Íslandsmótið í 50 metra laug fór fram í apríl og átti Breiðablik 20 keppendur og komu 10 Íslandsmeistararitlar í hús, auk þess sem sunddeildin vann til 11 annarra verðlauna á mótinu. Akranesleikarnir voru haldnir í byrjun júní og þar kepptu krakkar úr B og C hópum félagsins. Aldursflokkameistaramót Íslands var haldið á Akureyri í lok júní. Sundkrakkarnir okkar stóðu sig virkilega vel og náði deildin þriðja sæti á mótinu. Þar voru jafnframt krýndir 18 aldursflokkameistarar frá Breiðabliki í einstaklingsgreinum og 5 í boðsundum. Af sex stigahæstu sundmönnum mótsins, átti Breiðablik tvo. Í ágúst fór A hópur norður til Akureyrar og keppti á Sprengimóti Óðins. Farið var norður með rútu og gist saman á hóteli. Sú ferð var gott hópefli og var andinn góður. Helgina á eftir kepptu kepptu B og C hópar á Hafsportsmóti Ármanns í Laugardalslauginni. Íslandsmótið í 25 metra laug var haldið í nóvember. Breiðablik vann þar til 12 Íslandsmeistararitla, auk fjölda annarra verðlauna. Í Desember fór svo fram

Bikarkeppni SSÍ og gerði kvennasveit Breiðabliks sér lítið fyrir og vann titilinn. Karlasveitin var í þriðja sæti. Í annarri deild kvenna varð B sveit Breiðabliks í öðru sæti. Sundmenn Breiðabliks tóku þátt í nokkrum mótum utan landsteinanna. Tveir sundmenn kepptu á Evrópumeistaramóti unglunga í Róm og tveir sundmenn fóru til Litháens og kepptu þar á Norðurlandamóti Æskunnar. Breiðablik átti 3 sundmenn sem voru valin til að keppa á heimsbikarleikunum í Berlín og tveir sundmenn félagsins kepptu á Norðurlandamótinu. Samtals tóku 6 sundmenn úr Breiðablik þátt í landsliðsverkefnum á vegum Sundsambands Íslands á erlendri grundu, en Breiðablik átti jafnframt stóran hóp sem tók þátt í öðrum verkefnum á vegum Sundsambandsins, til að mynda í framtíðarhóp sambandsins. Frekari upplýsingar um þessi mót og árangur sundmanna deildarinnar má finna á Facebooksíðu sunddeildarinnar. Samningar Samningur við Icepharma um æfingafatnað var endurnýjaður á árinu. Foreldrastarf Ekki fór mikið fyrir foreldrastarfi árið 2021 og mikilvægt að virkja fleiri foreldra til starfa til að dreifa álagi og ábyrgð, enda vinna allir starf sitt fyrir deildina í sjálfböðavinnu. Þar sem hætt var við æfingabúðir og lítið um mót á landsbyggðinni hefur Fjáröflunarnefnd ekki verið virk, en mikilvægt er að virkja slíka nefnd aftur.

Upplýsingagjöf Helstu fréttir frá deildinni fara inn á heimasíðu deildarinnar, en Facebook síðan hefur í vaxandi mæli verið okkar helsta upplýsingaveita. Sú síða mætti vera virkari, en það eru margir sem skoða hana reglulega. Þar eru settar inn ýmsar upplýsingar, sérstaklega í tengslum við sundmót og fleiri atburði. Jafnframt höfum við nýtt Facebook fyrir síður fyrir einstaka hópa. Samskipti við foreldra fara ýmist í gegnum tölvupóst, Facebook og nú Sportabler. Lögð er áhersla á að hafa upplýsingagjöf sem besta, þó þar sé alltaf hægt að gera betur. Viðurkenningar Á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2021 voru meðal annars veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi fyrir árið 2020. Patrik Viggó Vilbergsson var þar tilnefndur sem íþróttakarl Kópavogs. Hann var valinn Sundkarl Kópavogs og Kristín Helga Hákonardóttir Sundkona Kópavogs. Í flokki 13-16 ára voru Freyja Birkisdóttir og Guðmundur Karl Karlsson kjörin sundmaður og sundkona Kópavogs. Á Íþróttahátíð Breiðabliks sem haldin var í janúar 2021 var Patrik Viggó valinn sundkarl félagsins og Freyja Birkisdóttir sundkona Breiðabliks. 3. apríl 2022 Jónína Guðmundsdóttir, formaður

Ársskýrsla Taekwondodeildar Breiðabliks

Starfsemi deildarinnar litaðist af takmörkunum o.þ.h. af völdum Covid veirunni en hélt úti fullu starfi meðan að ekki voru yfirlýstar lokanir á starfssemi af hendi yfirvalda.

Góður fjöldi iðkenda mætti á æfingar og var forvarnaraðgerðum fylgt í hvívetna skv. Leiðbeiningum ÍSÍ o.þ.h. með tilliti til sóttvarna og smithættu á milli aðila.

Mikið var um fjarvistir iðkenda vegna Covidsmita og smitgátta en flestallir skiluðu sér aftur :)

Deildin hélt að venju 2. almenn beltapróf, hið fyrra 2.júní og seinna 7.desember og var þátttaka góð. Áhorfendur fengu ekki að vera á vorannarprófi vegna fjöldatakmakanna

en þær takmarkanir voru rýmri á haustönn.

Sérstakt svartabeltisbeltapróf var haldið 5.júní og tóku alls 6.nemendur prófið með góðum árangri.

Ekkert var um mótahald í ástandinu.


Taekwondo deildin keypti og endurnýjaði mikið af búnaði sínum tímabilinu eins og venja hefur verið.

Stjórn deildarinnar vill þakka öllu starfsfólki breiðabliks og íþróttahúss Lindaskóla fyrir frábært samstarf og óeigingjarnt starf þeirra í gegnum heimsfaraldurinn .

Hlynur Örn Gissurarson
Formaður



Ársskýrsla Þríþrautardeildar Breiðabliks



Ný stjórn tók til starfa þann 22. mars 2021 og byrjaði stjórnartíð sína með því að tækla hertar samkomutakmarkanir þar sem einungis 10 máttu hittast eftir 25. mars. Þetta var mikil áskorun fyrir stjórn og þjálfara deildarinnar að halda starfinu gangandi. Var farið í að skipuleggja rafrænar æfingar þar sem þjálfari hitti iðkendur í netheimum. Einnig voru haldnir fundir eða fræðsla í netheimum. Þetta var ekki einfalt verkefni og voru allir fegnir þegar formlegar æfingar hófust aftur þann 15 apríl 2021. Rekstur deildarinnar var með svipuðu móti og undanfarin ár og fögnum við því hvað iðkendahópurinn okkar er fjölmennur. Við vorum með mjög öflugt þjálfarateymi sem var dýrmætt á þessum tíma. Yfirþjálfarar okkar voru Sigurður Örn Ragnarsson og Viðar Bragi Þorsteinsson, en Viðar Bragi lét af störfum í október 2021 og Sigurður varð yfirþjálfari deildarinnar. Einnig réðum við til okkar sérstakan nýliðaðþjálfara hana Halldóru Gyðu M. Proppé til að halda utan um nýja iðkendur æfingatímabilið 2021-2022. Margrét J. Magnúsdóttir og Hákon Jónsson sáu um sundþjálfun hjá deildinni en einnig komu Margrét Ágústsdóttir og Jón Ágúst Gunnlaugsson að þjálfun hjá deildinni. Covid hafði áhrif á æfingar hjá deildinni eins og áður en við vorum svo lánsöm að geta haldið úti flestum æfingum okkar eftir 15. apríl og út sumarið. Nýr æfingafatðanur leit dagsins ljós en það voru m.a. hjólaftö Huub, sundftö frá funkita og hlaupafatnaður frá craft.

Þríþrautarfólk brasaði ýmislegt á tímabilinu en það var m.a. skellt sér á þríþrautaræfingu á Laugarvatni, keyrt í skemmtilegan þríþrautardag í Kópavogi þar sem áhersla var á hreyfingu og góðan mat. Kópavogsþrautin var á sínum stað þó henni hefði verið seinkað aðeins þetta árið og iðkendur tóku þátt í flestum keppnum tímabilsins. Uppskeruhátíð deildarinnar var á sínum stað og var uppistandarinn Jóhann Alfreð fenginn til að skemmta iðkendum. Þríþrautardeild Breiðabliks varð stigahæst í stigakeppni Þríþrautarsambands Íslands 2021. Iðkendur okkar voru að gera góða hluti í keppnum en Sigurður Örn Ragnarsson og Hrafnhildur Georgsdóttir urðu bikarmeistarar ÞRÍ ásamt að landa 3 Íslandsmeistaratitlum hvort fyrir sig. Guðlaug Edda Hannesdóttir var valin þríþrautarkona ársins og sundhópur garpa vann stigakeppni Íslandsmeistaramóts garpa í fyrsta sinn. Það er ekki hægt að segja annað en að Þríþrautardeild Breiðabliks hafi verið sigursæl þetta árið.

